



SKÝRSLA RSÍ 1999

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR RAFIÐNAÐARAMBANDS ÍSLANDS
UM STARFSEMINA SÍÐASTA STARFSÁR.

LÖGÐ FRAM Á SAMBANDSSTJÓRNARFUNDI 27. MAÍ 2000

LÁTNIÐ FÉLAGAR.

Geir Í. Geirsson

Fæddur 20/5 1922 dáinn 9/4 1999

Geir lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1948, og hlaut meistararéttindi 1954. Hann sigldi á norsku olíuflutningaskipi sem rafvirki á árunum 1952-1953. Þá starfaði hann sem rafvirki á Elliheimilinu Grund 1954-1987. Var einnig hjá O.Johnson og Kaaber og við Búrfellsvirkjun. Síðast var hann hjá Varnarliðinu á Keflavíkurlflugvelli.

Hörður Sævar Gunnarsson

Fæddur 2/3 1941 dáinn 15/5 1999

Hörður lærði rafvirkjun og lauk sveinsprófi 1966. Meistari hans var Eiríkur Ormsson. Vann m.a. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hlaut meistarabréf 1971. Starfaði síðan sem sjálfstæður rafverktaki.

Ágúst Nordgulen

Fæddur 30/7 1957 dáinn 23/5 1999

Lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1978. Meistari hans var Lúðvík S. Nordgulen. Starfaði síðan sem rafvirki til ársins 1984, er hann stofnaði eigið fyrirtæki, Á.N. verktakar ehf., er hann rak síðan til æviloka.

Guðbjartur Betúelsson

Fæddur 27/1 1908 dáinn 10/6 1999

Lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1936. Fór í nám í móturvindingum hjá Thomasi B. Thrige í Óðinsvéum á Fjöni. Starfaði í Danmörku við fag sitt til ársins 1946 er hann kom heim og starfaði fyrstu árin hjá h.f. Rafmagn. Vann síðan sjálfstætt sem rafverktaki allt til ársins 1995.

Hörður Zophaníasson

Fæddur 12/5 1955 dáinn 19/9 1999

Hörður lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1979. Meistari hans var Jón Ólafsson. Hörður vann síðast við verslunarstörf er tengdust iðn hans.

Haraldur Hermannsson

Fæddur 16/7 1928 dáinn 5/10 1999

Haraldur lauk sveinsprófi 1952. Meistari hans var Jón Ólafsson. Fékk meistarabréf 1955 og löggildingu 1956. Starfaði hjá Br. Ormsson, skipum Eimskips sem rafvirki og Rafver h.f. en hann var einn af stofnendum þess. Vann síðast á tæknideild Landspítalans uns hann lét af störfum síðla árs 1996.

Sigurður Torfi Sigurðsson

Fæddur 30/10 1952 dáinn 1/10 1999

Sigurður lærði rafvélavirkjun og starfaði við fag sitt uns hann stofnaði eigið fyrirtæki, sem hann starfaði síðan við til æviloka.

Sigurður Lárusson

Fæddur 30/5 1917 dáinn 8/10 1999

Sigurður hlaut starfsréttindi sem rafvirki 1955. Hann lauk síðan námi við Iðnskólann í Borgarnesi 1957 og tók sveinspróf 1961. Meistari hans var Reynir N. Ásberg. Vann sem rafverktaki við eigin rekstur síðan.

Haraldur S. Gíslason

Fæddur 15/8 1929 dáinn 9/11 1999

Haraldur lærði rafvirkjun og lauk sveinsprófi 1950. Hann starfaði lengi sem rafverktaki í Stykkishólmi. Þá stundaði hann einnig kennslustörf við Iðnskólann í Reykjavík.

Gunnlaugur Þórarinsson

Fæddur 12/10 1926 dáinn 18/11 1999

Nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. Lauk sveinsprófi 1949. Meistari hans var Adolf Björnsson. Fékk landslöggingu 1954. Löggingu í Reykjavík 1957 og meistarabréf sama ár. Starfaði hjá Segli h.f. 1944-1965, þar af sem verkstjóri í 10 ár. Var einnig hjá Eimskip, sem rafvirki í afleysingum á skipum félagsins árin 1954-1972. Starfaði sem rafverktaki árin 1965-1974. Var síðast skoðunar- og matsmaður hjá Samábyrgð Íslands.

Eiríkur Kr. Eiríksson

Fæddur 9/5 1917 dáinn 11/1 2000

Starfaði við Héraðsskólann á Laugarvatni við raflagnir og tengd störf. Hann fékk ráðherrabréf og á sínum tíma löggingu sem rafverktaki og rafvirkjameistari.

Árni Sædal Geirsson

Fæddur 22/3 1948 dáinn 11/4 1999

Árni hóf störf hjá Pósti og Síma 1. Júní 1964. Vann sem símsmiður og verkstjóri til ársins 1994, er hann hóf störf sem flokkstjóri í þjónustudeild Póls rafeindavörum þar sem hann starfaði til æviloka.

Jón Páll Ágústsson

Fæddur 23/10 1919 dáinn 13/6 1999

Hóf störf hjá Bæjarsímanum í Reykjavík árið 1947. Varð línumaður árið 1956 og símsmiður 1966. Varð símaflokkstjóri 1970. Hætti störfum vegna veikinda á árinu 1975.

Böðvar Björgvinsson

Fæddur 16/11 1942 dáinn 26/10 1999

Böðvar starfaði hjá Símanum á árunum 1960-1978, lengst af sem símaverkstjóri við línulagnir. Hann lauk línumannsprófi og símsmiðaprófi frá Póst og símaskólanum. Eftir nokkurt hlé tók hann aftur til starfa hjá Símanum við ljósleiðaradeildina, þar sem hann starfaði m.a. við eftirlit framkvæmda. Fórst í hörmulegu slysi við Mývatn.

Jón Kjartansson

Fæddur 24/4 1945 dáinn 26/10 1999

Jón tók línumannspróf frá Póst og símaskólanum 1962. Starfaði hjá Pósti og síma vítt um land, fyrst sem línumaður, en sem flokkstjóri frá 1965. Starfaði einnig sem verkstjóri, fyrst hjá Pósti og síma, en síðan hjá Landsíma Íslands á Húsavík allt frá árinu 1972. Fórst í hörmulegu slysi við Mývatn.

Leó Garðar Ingólfsson

Fæddur 19/11 1933 dáinn 16/2 2000

Hóf störf hjá Landssímanum 1952. Starfaði þar síðan þar til hann fór á eftirlaun í júlí 1994. Hann lauk símverkjánámi árið 1959 og varð símverkjameistari og umsjónarmaður sjálfvirkra stöðva 1966. Hann gegndi stöðu yfirdeildarstjóra frá 1974 til starfsloka. Leó sinnti ýmsum trúnaðarstörfum fyrir símverkjja, bæði innan Félags íslenskra símamanna og utan þess. Leó var helsti forystumaður fyrir því að félög símverkjja sameinuðust innan Rafiðnaðarsambands Íslands. Leó gegndi einnig lykilhlutverki við stofnun Félags símsmiða. Hann samdi m.a. lög þess félags og fór um landið til að safna í félagatal.

Jón Kristinn Sveinsson

Fæddur 24/11 1917 dáinn maí 2000.

Nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík, meistari Júlíus Björnsson. Stofnaði raftækjaverzlun Ljósafoss. Var framkvæmdastjóri Sameinaðra rafverktaka á Keflavíkurlflugvelli. Var í stjórn FÍR og m.a. ritari 1935 – 36. Var í stjórn Félags rafverktaka og m.a. form. 1949 – 1956. Var í sveinsprófsnefnd í nokkur ár. Var mikið í félagsmálum og mikill áhugamaður um fiskeldi.

STARFSNEFNIR

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands og trúnaðarmenn þess, kjörtímabilið 1999-2003
kjörnir á 14. þingi sambandsins 1999.

Formaður:	Guðmundur Gunnarsson	FÍR	Framkv.stjórn RSÍ
Varaformaður:	Helgi Jónsson	RFN	“
Ritari:	Haukur Ágústsson	FRV	“
Gjaldkeri:	Rúnar Bachmann	FÍR	“

Meðstjórnendur:

Arnoddur Jónsson	RFS
Oddur Sigurðsson	FRV
Frosti Frostason	FÍR
Páll Valdimarsson	RFÍ
Jens Ragnarsson	FÍR
Haraldur Jónsson	FÍR
Einar Ág. Kristinsson	FSVK
Andri Jóhannesson	FRV
Ómar Baldursson	FRS
Haflíði Sívertssen	FTR
Einar Gústafsson	FÍS
Jón Aðalsteinsson	FÍS
Sigurgeir Ólafsson	FSS
Aðalfundur FNÍR	FNÍR

Varamenn í miðstjórn:

Anna Melsted	FTR
Björn Ágúst Sigurjónsson	FÍR
Böðvar Björgvinsson	FÍS
Jóhann Bjarnason	FRS
Stefán Sveinsson	FÍR
Sigurður Kjartansson	FRV
Brynjar Hermannsson	RFN
Helgi Þorvaldsson	RFÍ
Ísleifur Tómasson	FÍR
Valtýr Guðbrandsson	RFS
Davíð E. Sigmundsson	FRV
Guðjón Símonarson	FÍS
Aðalfundur FNÍR	FNÍR

Sambandsstjórn:

Júlía B. Þórðardóttir	FÍR	Vestfirðir
Sigurður Ólafsson	RFN	Norðurland
Magni B. Sveinsson	FÍR	Austurland
Sigþór Óskarsson	RFS	Suðurnes
Arngrímur Magnússon	FÍR	Vestmannaeyjar
Smári Jónsson	FÍR	Reykjavík
Anna Kr. Arnarsdóttir	FRV	Norðurland
Þór Ottesen	FÍR	Reykjavík
Reynir Björnsson	FÍS	Reykjavík
Helgi R. Gunnarsson	FRV	Reykjavík
Guðmundur Æ. Guðmundsson	FÍR	Reykjavík
Elmer H. Elmers	RFÍ	Reykjavík

Varamenn í sambandsstjórn:

Helgi Helgason	FÍR	Reykjavík
Jónas Þ. Sigurgeirsson	FÍR	Norðurl. vestra
Sigurður Sigurðsson	FÍR	Reykjavík
Jón Þór Kristmannsson	FÍR	Reykjavík
Björn Júlíusson	FÍS	Reykjavík
Ingvi Þór Björnsson	RFN	Norðurl. eystra
Þórður Bachmann	FÍR	Vesturland
Ragnar Guðlaugsson	RFS	Suðurnes
Eyjólfur Ólafsson	FRV	Reykjavík
Jón Þór Kristmannsson	FÍR	Reykjavík
Kristinn Hermannsson	FRS	Suðurland
Sigurður Karlsson	FÍR	Austurland
Guðmundur Gíslason	FSS	Reykjavík

Skoðunarmenn RSÍ

	Sigurður Steinarsson	FÍR
	H. Erlingur Tómasson	FRV
Til vara:	Grétar Guðmundsson	FÍS

Í stjórn Lífiðnar:

Aðalmaður:	Þórir Hermannsson	FRV
Til vara:	Erlingur Tómasson	FRV
Aðalmaður:	Haraldur Jónsson	FÍR
Til vara	Guðmundur Gunnarsson	FÍR

Skoðunarmenn Lífiðnar :

	Sigurður Steinarsson	FÍR
Til vara:	Guðmundur Lýðsson	FRS

Aðrar starfsnefndir RSÍ, stjórnir aðildarfélaganna og fulltrúar sambandsins í nefndum :**Starfsnefndir miðstjórnar**

Formenn kjörstjórna vegna stjórnarkosninga aðildarfélaganna : Bjarni Sigfússon, aðildarfélag tilnefna auk þeirra tvo menn í kjörstjórnir.

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Bjarni Sigfússon, Elín Fríða Sigurðardóttir og Sigurður Geirsson.

Launanefnd RSÍ : Haukur Ágústsson, Rúnar Bachmann og Haraldur Jónsson.

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ : Rúnar Bachmann, Guðmundur Gunnarsson og Helgi R. Gunnarsson

Reglugerðir Styrktar- og lífeyrissjóðs : Þórir Hermannsson, Haraldur Jónsson, Helgi R. Gunnarsson.

Orlofsnefnd RSÍ : Björn Ágúst Sigurjónsson, Jón Þór Kristmannsson, Jón Aðalsteinsson og Runólfur Þorláksson

Stjórn Furulundar : Björn Ágúst Sigurjónsson. Stjórn Einarstaða : Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga : Jón Þór Kristmannsson. Stjórn Vatnsfjarðar : Haraldur Jónsson

Atvinnuleysisbótanefnd : Helgi R. Gunnarsson, Elín Fríða Sigurðardóttir og Sigurður Hallvarðsson

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Sigurður Hallvarðsson, Bjarni Sigfússon og Helgi R. Gunnarsson

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Þorvarður Hjaltason

Golfmótanefnd : Stefán Ó. Guðmundsson, Björn S. Björnsson, Garðar Árnason og Víðir Tómasson

Stjórn Eignarhaldsfélags Alþýðubankans : Rúnar Bachmann

Stjórnir aðildarféлага

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja : Haraldur Jónsson form., Stefán Sveinsson varaform., Jón Þór Kristmannsson ritari, Björn Ágúst Sigurjónsson gjaldkeri, Helgi Helgason, Ísleifur Tómasson, Sigurður Sigurðsson meðstjórnendur.

Stjórn Félags rafeindavirkja : Haukur Ágústsson form., Andri Jóhannsson varaform., Davíð E. Sigurðsson ritari, Oddur Sigurðsson gjaldkeri, Andri Jóhannesson, Sigurður I. Hauksson, Eyjólfur Ólafsson, Þórir Steingrímsson meðstjórnendur.

Félag íslenskra símamanna : Einar Gústafsson form. Jón Aðalsteinsson varaform., Kristbjörg Jóhannesdóttir ritari, Halldóra Guðmundsdóttir gjaldk., Björn Júlíusson, Ingi Sverrir Gunnarsson, Guðrún Bergþórsdóttir meðstj.

Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldkeri Vigfús Ingi Hauksson meðstjórnandi. Sigurður Hjaltason og Aðalgeir Hallgrímsson varastj.

Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þórir Tryggvason ritari, Birkir Pálsson gjaldkeri, meðstj., Guðmundur Lýðsson og Magnús Gíslason varastj.

Stjórn Rafiðnaðarfélags Suðurnesja : Arnoddur Jónsson form., Ragnar Guðbjartsson varaform., Valtýr Guðbrandsson ritari, Sigbór Óskarsson gjaldk., Helgi Hilmarsson meðstjórnandi.

Stjórn Félags sýningarmanna við kvikmyndahús : Jón Pétursson form., Einar Ág. Kristinsson ritari, Gísli Karlsson, Friðjón Guðmundsson meðstjórnendur.

Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði : Hafliði Sívertsen form., Guðni Ingi Johnsen ritari, Elín Fríða Sigurðardóttir gjaldkeri, Sveinn Kjartansson Anna Melsted meðstjórnandi

Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Guðjón Símonarson varaform., Sigurður L. Björgvinsson, Guðmundur Gíslason og Sveinn Björgvin Larsson meðstjórnendur.

Stjórn Félags nema í rafiðnum : Borgþór Hjörvarsson form., Viðar M. Þorsteinsson varaform., Sigurður Gunnlaugsson ritari, Kristján Helgason gjaldkeri, Andri Örvar Baldvinsson, Ragnar Svanlaugsson, Stefán Þór Sigurðsson meðstjórnendur.

Mennta- og fræðslunefndir

Iðnráð Reykjavíkur : Sigurður Hallvarðsson fyrir rafvirkja og Bjarni Sigfússon fyrir rafvélavirkja Fulltrúaráð verkalyðsfélaganna í Reykjavík : Björn Ágúst Sigurjónsson

1. maí nefnd í Reykjavík : Þór Ottesen, 1. maí nefnd á Akureyri : Helgi Jónsson

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Sigurður Sigurðsson formaður, Ólafur Sigurðsson, Einar Hallfreðsson, Einar Ragnarsson, Guðmundur Þorgrímsson, Ívar Þorsteinsson, Valdimar Gestsson, Jens Björgvin Helgason

Sveinsprófsnefnd veikstraum : Ásmundur Einarsson formaður, Ísleifur Árni Jakobsson, Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson, Sigurður Rúnar Ívarsson, Haukur Konráðsson, Þorsteinn Jóhannsson, og Kári Hólm Sigurðsson.

Menntanefnd rafiðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) :

Guðmundur Gunnarsson (RSÍ), Rúnar Bachmann (Eftirmenntun rafiðna), Haraldur Jónsson. (formaður FÍR), Kristján Páll Þórhallsson (Eftirmenntun rafeindavirkja) eða Ásgeir Arnoldsson (Eftirmenntun rafeindavirkja), Haukur Ágústsson. (formaður FRV), Páll Valdimarsson (formaður RFÍ), Ólafur Hermannsson (Eftirmenntun rafveituvirkja), Hafliði Sívertsen (form. FTR), Pétur Pétursson (Form. FSK), Jón Örn Sigurðsson (Eftirmenntun símsmiða)

Eftirmenntunarnefnd rafiðna, Fagnefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Rúnar Bachmann, til vara Ísleifur Tómasson, Ómar Hannesson og Ingólfur Árnason

Eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja : Ásgeir Arnoldsson, Kristján Páll Þórhallsson, Pétur E. Aðalsteinsson, Sveinn Jónsson

Fagnefnd rafeindavirkja : Kristján Pétursson, Kristján Óli Sverrisson, Birgir Benediktsson, Gunnlaugur Gunnarsson, Kristján Páll Þórhallsson, Pétur E. Aðalsteinsson, Sveinn Jónsson, Þórir Hermannsson

Eftirmenntunarnefnd rafveituvirkja, Fagnefnd rafveituvirkja : Brynjar Svansson, Guðmundur Valsson, Ólafur Hermannsson, Páll Valdimarsson, Þórður Guðmundsson

Eftirmenntunarnefnd símsmiða : Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson

Fagnefnd símsmiða : Guðjón Símonarson, Guðlaug Ólafsdóttir, Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson

Eftirmenntunarnefnd sýningarmanna, Fagnefnd sýningarmanna : Björn Sigurðsson, Pétur Pétursson, Sigurjón Jóhannesson, Þróstur Árnason

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans : Guðmundur Gunnarsson og Valgeir Jónsson

Framkvæmdastjórn Fræðslumiðstöðvar rafiðna : Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson

Skólanefnd VT-skólans : Guðmundur Gunnarsson, Jón Árne Rúnarsson

Framkvæmdastjórn Margmiðlunarskólans : Guðmundur Gunnarsson

Skólanefnd Margmiðlunarskólans : Anna Melsted

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins : Guðmundur Valsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hafliði Sívertsen, Jón Árne Rúnarsson, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Ómar Hannesson, Páll Valdimarsson, Runólfur Þorláksson, Þorvaldur Árnason, Þórunn Stefanía Jónsdóttir, Þróstur Árnason.

Starfsmenntaráð. Félagsmálaráðuneyti : Guðmundur Gunnarsson

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi. Menntamálaráðuneyti : Guðmundur Gunnarsson til vara Jón Árne Rúnarsson

Skólanefnd : Tækniskóla Íslands : Rúnar Bachmann

Skólanefnd : Iðnskólans í Reykjavík : Sigurður Geirsson

Rafstaðalfélagið : Sigurður Geirsson

Rafstaðalráð : Rúnar Bachmann, til vara Guðmundur Gunnarsson

Stjórn Fjölmiðlasambandsins : Hafliði Sívertsen, Guðmundur Gunnarsson til vara.

Nefndir á vegum ASÍ

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Haraldur Jónsson

Sambandsstjórn ASÍ kjörnir á 14. þingi RSÍ : Helgi Jónsson til vara Frosti Frostason

Sambandsstjórn ASÍ kjörnir á 38. þingi ASÍ: Þórir Hermannsson og til vara Páll Valdimarsson

Lífeyrisnefnd ASÍ : Þórir Hermannsson, til vara Haraldur Jónsson

Atvinnuálanefnd ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, Helgi R. Gunnarsson, til vara Helgi Jónsson

Skipulagsnefnd ASÍ : Helgi R. Gunnarsson, til vara Guðmundur Gunnarsson

Vinnuverndarnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara Þór Ottesen

Alþjóðanefnd ASÍ : Helgi R. Gunnarsson, til vara Guðmundur Gunnarsson

Laganefnd ASÍ : Guðmundur Gunnarsson

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ : Ísleifur Tómasson, til vara Hafliði Sívertsen

Kynningar- og útbreiðslunefnd ASÍ : Stefán Ó. Gunnarsson, til vara Þór Ottesen

Stjórn Landsambands lífeyrissjóða : Þórir Hermannsson formaður

Stjórn Vinnueftirlitsins : Stefán Ó. Guðmundsson

Stjórn Iðntæknistofnunar : Guðmundur Gunnarsson

Framleiðniefnd, Iðnaðarráðuneyti: Guðmundur Gunnarsson

Rannsóknarráð, Iðnaðarráðuneyti: Rúnar Bachmann

Hollustuháttaráð, Umhverfissráðuneyti: Stefán Ó. Guðmundsson

Kaupskrárnefnd, Keflavíkurlugvelli : Magnús Geirsson

Félagsdómur : Magnús Geirsson til vara Sigurbergur Hávarðarson

Golfmótanefnd : Stefán Ó. Guðmundsson, Helgi R. Gunnarsson, Björn S. Björnsson, Garðar Árnason, Víðir Tómasson og Vilhjálmur Ingvason

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins : Ísleifur Árni Jakobsson og Stefán Ó Guðmundsson.
Skipaðar hafa verið Fagnefndir á vegum fagfélaga sem starfa m.a. með Fræðsluskrifstofunni skipan þeirra er eftirfarandi:

Fagnefnd rafvirkja: Stefán Sveinsson, Smári Jónasson, Óskar H. Jónsson, Sigurður Ólafsson, Jóhann Bjarnason og Ragnar Guðbjartsson. Frá SART eru: Guðmundur G. Breiðfjörð og Hrafn Stefánsson.

Fagnefnd rafvélavirkja: Jón Þór Friðvinsson, Jón Páll Baldursson og Guðmundur Ævar Guðmundsson. Frá SART eru: Guðmundur H. Jóhannsson og Sigurður Svavarsson.

Fagnefnd rafveituvirkja: Helgi Þorvaldsson, Ólafur Hermannsson, Brynjar Svansson, Ásbjörn Gíslason og Þorvaldur Þorvaldsson.

STARFSEMIN

Stjórnar- og félagsfundir

Miðstjórn heldur fundi yfirleitt einu sinni í mánuði að undanskildum sumarmánuðum. Allir almennir félagsfundir eru nú orðið, utan aðalfunda aðildarfélaganna, undantekningalaust haldnir á vegum RSÍ. Það er skipulag og sameiginlegir sjóðir RSÍ sem valda þessu, en ekki síður að kjarasamningar innan RSÍ eru sameiginlegir og eru afgreiddir í sameiginlegum atkvæðagreiðslum þvert á aðildarfélög innan RSÍ. Búin er til kjörskrá sem miðast við þá sem vinna á viðkomandi kjarasamning. Hver samningur er heildstæður og sjálfstæður samningur.

Þetta er sama skipulag og viðhaft er innan hinna rafiðnaðarsambandanna á Norðurlöndunum. RSÍ er eina landsambandið hér á landi sem hefur þetta fyrirkomulag við afgreiðslu kjarasamninga, í öðrum landsamböndum er það hvert aðildarfélag sem afgreiðir hvern kjarasamning fyrir sig. Í flestum tilfellum er um að ræða einn aðalkjarasamning viðkomandi félags og síðan er í einhverjum tilfellum samið um kálfa út frá honum. Rafiðnaðarsambandið var eina heildstæða starfsgreinasambandið hér á landi og hefur það fyrirkomulag marga augljósa kosti í för með sér, sérstaklega við skipulag starfsmenntunar í starfsgeiranum og eins nýtast eftirmenntunarnámskeið fyrir allar starfsgreinar í geiranum. Matvís hefur verið byggt upp með sama skipulagi og RSÍ.

Umfangsmiklum málaflokkum er vísað í starfsnefndir, þ.e. orlofsnefnd, ritnefnd, laganefnd og úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, auk annarra nefnda sem starfa í samráði við meistarafélagið. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til meiri valdreifingar og virkara stjórnkerfis innan sambandsins. Þátttaka rafiðnaðarmanna í sameiginlegri starfsemi verkalyðshreyfingarinnar er mikil, auk þess að við eigum fulltrúa í nokkrum nefndum hins opinbera og í sameiginlegum nefndum norrænna rafiðnaðarmanna og norræna og evrópska byggingarsambandinu. Þetta kostar tíma og fjárútlát, en gefur okkur tækifæri til þess að hafa viðtækari áhrif á framvindu mála og aðstæður til þess að koma sjónarmiðum okkar mjög víða á framfæri.

Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar verður sífellt margþættari m.a. sakir þess að lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en litið sé á það sem skyldu. Mjög mikil fjölgun hefur verið á félagsmönnum RSÍ undanfarin ár eftir nánast kyrrstöðu á meðan niðursveiflan ríkti á árunum 1991 – 1995.

Nokkuð hefur borið á því að verktakar hafi sótt í RSÍ vegna hagstæðra námskeiðsgjalda og styrkja frá Styrktarsjóð, og viljað greiða afturvirkta félagsgjöld til þess að öðlast full réttindi strax. Þessir aðilar hafa svo gefið upp laun sem eru lægri en lægstu taxtar á vinnumarkaði. Nú hafa verið settar strangari reglur um inngöngu í sambandið. Það er leitt til þess að vita að til séu aðilar, sem hiklaust ætlast til þess að fá að njóta alls þess sem fullborgandi félagsmenn hafa skapað án þess að taka þátt í að greiða fyrir það.

RSÍ og aðildarfélög þess hafa aðgang að lögmonnum ASÍ og eru þeir nýttir þegar upp koma deilur vegna túlkana á kjarasamningum, en þegar upp koma deilur vegna launa eða innheimtu gjalda þá sjá lögmennt sambandsins, þ.e. Löggarður og Lára V. Júlíusdóttir, um þau mál. Rafiðnaðarsambandið hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að þjálfa upp trúnaðarmenn sambandsins og hefur verið varið til þess hundruðum þúsunda króna á ári.

Starfsmenn RSÍ Guðmundur Gunnarsson form. kjarasamninga og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstjórn og norræn samskipti. Helgi R. Gunnarsson framkv.stj. dagleg stjórnun á skrifstofu, kjarasamningar og nefndarstjórn. Sigurður Hallvarðsson gjaldkeri, atvinnuleysisstryggingar, styrktarsjóður, útsendingar og umsjón kjörskráa. Þór Ottesen og Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, viðhald orlofshúsa. Hulda Jakobsdóttir ritari, bókhald, útleiga orlofshúsa. Sæmundur Hrólfsson umsjón og eftirlit orlofshúsa, hlutastarf.

Starfsmaður Ákvæðisvinnustofu : Þór Ottesen

Starfsmenn innheimtudeildar : Elín Sigurðardóttir framkv.stj., bókhald, afgreiðsla. atvinnuleysisbóta. Anna María Hannesdóttir færsla innheimtukerfis Fjóra Þorvaldsdóttir færslur innheimtukerfis, bókhald aðildarfélaganna, umsjón orlofsumsóknanna. Sigrún Magnúsdóttir ritari. Ásta Kristjónsdóttir innheimta og innskráning.

Starfsmenn Lífiðnar : Friðjón Þórðarson framkv.stj., innheimtumál, ávöxtun verðbréfa, Bjarni Sigfússon innheimtumál, umsjón lífeyrissjóðs. Gunnar Árnason bókhald, uppfærslur verðbréfa, Unnur Magnúsdóttir bókhald lífeyrissjóðs

Fulltrúar á landsbyggðinni : Bjarni Árnason starfar nokkrar klst. á viku á skrifstofu á Akranesi og Helgi Jónsson ásamt stjórnarmönnum sínum í RFN sér um skrifstofuna á Akureyri. Omar Baldursson ásamt stjórnarmönnum sínum í FRS sér um skrifstofuna á Selfossi og Arnóddur Jónsson um málefni sambandsins á Suðurnesjum, Þórður Bachmann í Borgarnesi, Júlía Björk Þórðardóttir á Ísafirði, Ingimar Hólm Ellertsson og Frosti Frostason á Sauðárkrók, Vigfús Ingi Hauksson Siglufirði, Magni B. Sveinsson á Neskaupstað, Sigurður Karlsson á Höfn, Gunnar Jónsson Kirkjubæjarklaustri, og Arngrímur Magnússon í Vestmannaeyjum.

Starfsmenn Rafiðnaðarskólans : Sigurður Geirsson framkv.stj, Jón Árni Rúnarsson framkv.stj., Guðfinnur Traustason verkefnastj., Haukur Konráðsson verkefnastj., Þórdís Bergmundsdóttir skrifstofustj., Rannveig Friðriksdóttir ritari og skráning, Hafdís Reinaldsdóttir skráning og umsjón kaffistofu, Guðmunda Kristinsdóttir verkefnastj., Anna S. Ragnarsdóttir skrifst., Gunnlaugur S. Gunnarsson netumsjón, kennsla. Logi Halldórsson útbreiðsla, auglýs. Auk þess er skólinn með samninga við u.þ.b. 25 kennara, sem hver um sig sér um ákveðin námskeið.

Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins : Ísleifur Árni Jakobsson og Stefán Ó Guðmundsson.

Starfsmenn Viðskipta- og tölvuskólans : Jón Árni Rúnarsson skólastjóri Fjóra Hauksdóttir verkefnastj., Jón B. Georgsson verkefnastj., Erna Sigfúsdóttir verkefnastj., Jóhanna Gautsdóttir verkefnastj., Hróbjartur Árnason verkefnastj., Guðjón Stefánsson kennari, Ragnheiður Brynjólfsdóttir kennari. Auk þess er skólinn með samninga við yfir 20 kennara.

Nýja húsið við Stórhöfða.

Félagsmannafjöldi RSÍ hefur aukist úr 1.700 í 4.400 á síðustu 10 árum. Á sama tíma höfum við aukið þjónustu sambandsins við félagsmenn í orlofsmálum geysilega mikið og erum með á leigu 200 ferm. húsnaði undir tjaldvagnana og útgerð orlofsnefndar. Lífeyrissjóðurinn okkar hefur gengið til samstarfs við lífeyrissjóði þjóna og matreiðslumanna og hafa umsvif hans vaxið mikið og er hann orðinn einn af stærstu lífeyrissjóðunum. Matvís sem er einnig vaxandi samband er byggt upp með sama skipulagi og RSÍ. Nýja húsið er tvö sambyggð hús 1800 ferm. á 4 hæðum með 300 ferm millibyggingu á tveim hæðum. Grafið var út bílastæði fyrir ofan húsið og fengin þar rúmgóð aðstaða fyrir tjaldvagna og geymslur. Húsið er staðsett fremst á syðri bakka Grafavogs við Stórhöfða með gífurlega fallegu útsýni yfir flóann. Ætlunin var að flytja í húsið um mánaðamót en töf varð á því um nokkrar vikur. Annað húsið ásamt innri kjallara dugði, en eftir nánari skoðun var ákveðið að stofna eignarhaldsfélag sem er í eigu að 2/3 hlutum af RSÍ og 1/3 af Matvís og það myndi kaupa millihúsið og hitt húsið, þ.e. nr. 29. Gerður var 10 ára leigusamningur við Íslandspóst og munum við eignast húsið að mestu á þessum tíma. Við munum afhenda húsið tilbúið í september. Íslandspóstur er með aðstöðu gegnt okkur við Stórhöfðann og hefur verið að byggja þar upp nýja aðstöðu fyrir dreifingarmiðstöð sína.

Skrifstofur RSÍ, Innheimtustofunnar, Lífiðnar og Matvís verða í húsi nr. 31. Um áramótin var búið að glerja það hús og ganga frá þaki. Efstu 3 hæðirnar þar sem skrifstofurnar verða staðsettar verða afhentar í apríllök, en jarðhæðin þar sem fundarsalur verður ásamt skrifstofum fræðsluskrifstofu Matvís verður afhent í maí. Félag mjólkurfræðinga hefur einnig leigt skrifstofuhúsnæði á jarðhæð.

Í aðildarfélögum sambandsins voru 1998 og 99 :

FÉLAG	<i>Alls</i>	<i>Par af</i>	<i>Skattsk.</i>	<i>Alls</i>	<i>Par af</i>	<i>Skatts</i>
	<i>1998</i>	<i>konur</i>	<i>Alls</i>	<i>1999</i>	<i>Konur</i>	<i>k.</i>
		<i>1998</i>	<i>1998</i>		<i>1999</i>	<i>Alls</i>
						<i>1999</i>
Félag íslenskra rafvirkja	1096	5	959	1.194	8	1.131
Félag rafeindavirkja	618	14	545	587	19	581
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	130	0	115	119	1	115
Félag rafiðnaðarmanna Suðurl.	79	0	67	77	0	71
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	70	0	63	75	7	70
Rafveituvirkjafélag Íslands	139	0	123	0	0	0
Félag tæknifólks í rafiðnaði	197	23	149	221	23	149
Fél. Sýningarm. v/ kvikm.hús	24	1	20	23	1	23
Félag símsmiða	197	5	169	167	5	167
Félag ísl. símamanna	0	0	0	802	371	633
Félag nema í rafiðnum	332	2	249	286	11	286
Samtals	2.865	50	2.459	3.551	461	3.297

Breyting á félagsgjaldi

Á aðalfundum aðildarfélaga RSÍ í vor fór fram atkvæðagreiðsla um breytingu á félagsgjöldum úr 2% af daglaunum í 1,1% af heildarlaunum. Aðalfundur FÍR ákvað að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu vegna þess að félagið er landsfélag.

Ástæða þessarar breytingar er sú að hrein daglaun eru sífellt að verða óskilgreindara hugtak. Fjöldi okkar fólks er með margskonar bónusa eða svokölluð pakkalaun, þannig að erfitt eða jafnvel útilokað er að skilgreina hvað séu daglaun og hvað séu önnur laun. Greiðslur til sjóða rafiðnaðarmanna eins og styrktarsjóðs, eftirmenntunarsjóðs og orlofssjóðs eru reiknaðar af heildarlaunum, en félagsgjöldin af daglaunum. Þetta hefur valdið margskonar ruglingi.

Því hefur verið lögð fram breytingartillaga þar sem lagt er til að félagsgjald verði 1,1% af heildarlaunum. Ef halda ætti óbreyttum tekjustofni RSÍ og aðildarfélags þá þyrfti félagsgjaldið að vera um 1.22%. En sakir þess að umtalsverð fjölgun hefur verið í samtökum rafiðnaðarmanna þá er talið að lækka megi félagsgjaldið um 10%, eða að jafnaði um 430 kr. á mánuði.

Einnig er lagt til að þak félagsgjalda lækki úr 48.087 kr. í 43.000 kr.

Breyting á félagsgjaldi sem reiknað er sem hlutfall af launum breytist alltaf mismunandi eftir tekjusamsetningu hvers einstaklings. Ef menn vinna að staðaldri mikla yfirvinnu eða meira en 93 yfirv.klst. á mán. að jafnaði alla mánuði ársins, þá þýðir breytingin hækkun félagsgjalds. En ef menn vinna minni yfirvinnu jafngildir breytingin lækkun.

Fyrir þá sem eru að greiða hæstu félagsgjöldin og liggja uppi í þakinu þýðir breytingin lækkun um 424 kr. á mánuði.

Hér er núverandi félagsgjald og svo samkvæmt tillögunni reiknað út miðað við meðallaun árið 1999 og þak félagsgjalda árið 2000.

Félagsgjald miðað við meðallaun árið 1999.			
	Mán.laun	félagsgjald	á mánuði
Núv. 2% af dagv.laun	160.250 kr.	2%	3.205 kr.
Tillaga 1,1% af heildarlaun	252.275 kr.	1,1%	2.775 kr.
		Lækkun 430 kr.	
Þak félagsgjalda árið 2000			
	Óbreytt	Samkvæmt nýrri tillögu	
Á mánuði	4.007 kr.	3.583 kr.	
Á ári	48.087 kr.	43.000 kr.	
		Lækkun 424 kr. á mánuði.	

Ástæða er að geta þess að félagsgjaldið skiptist í 4 hluta. 40% fer til RSÍ, 35% fer til aðildarfélags og 24% fer í verkfallssjóð og 1% í styrktarsjóð.

Undanfarin ár þar sem lítið hefur verið um verkfallsátök og verkfallsjóður er orðinn mjög öflugur, þá hefur 14% farið til orlofshúsakerfisins vegna mikillar uppbyggingar þar og 10% í verkfallssjóð.

Orlofshúsin

Nú er lokið fyrri úthlutun orlofshúsanna. 447 sóttu um í fyrri úthlutun og 101 í seinni. 386 vikur voru til úthlutunar og fengu 304 það sem þeir sóttu um í fyrri úthlutun. 82 vikur voru því lausar í seinni úthlutun og stóðu 13 vikur eftir að lokinni seinni úthlutun. Þessar vikur eru þegar farnar að fara í innhringingum félagsmanna.

Í sumar verður boðið upp á nýja valkosti. 3 ný hús verða tekin í notkun við Hæðargarðsvatn við Kirkjubæjarklaustur. Þetta eru 30 ferm. hús með einu svefnherbergi en önnur aðstaða er svipuð og í hinum orlofshúsunum. Þessi hús fara ekki inn í úthlutunarkerfið heldur verður þeim úthlutað með sama hætti og í vetrarleigunni, menn geta hringt inn og pantað eina eða fleiri nætur. Einnig verða 2 tjaldvagnar staðsettir inni í Þórsmörk og verður þeim úthlutað með sama hætti. Í sumar verður bætt við 4 vögnum og verður tjaldvagnaútgerðin eins og síðasta sumar í samvinnu með Matvís, nokkrir vagnar verða staðsettir á Akureyri. Í sumar var skipt við Einingu á Akureyri, þeir verða með eitt húsa okkar í Lóninu en við fáum eitt hús við Illugastaði.

Þegar við tókum við orlofshúsum FÍS við Apavatn þurftu þau umtalsverða endurnýjun. Á síðasta ári var unnið mikið á svæðinu og tjaldstæðið sett í notkunarhæft ástand með uppsetningu á snyrtingum og sturtum. Í vetur hefur verið skipt um allar innréttingar í orlofshúsunum og þau endurskipulögð. Þegar hefur verið varið vel á annan tug milljóna í svæðið. Fyrir liggur að taka verður stóra húsið í gegn og mun það kosta umtalsverða fjármuni. Með tilkomu tjaldsvæðis þá var ákveðið að ráða sumarstarfsmann til þess að sjá um svæðið á Apavatni og sinna útleigu tjaldvagnanna. Samstarf við Matvís í orlofshúsamálum hefur vaxið og hefur það verið rétt að sameina sem mest viðhaldsvinnu við húsin. Orlofskerfið er mjög umfangsmikið í rekstri og blasir við að það þurfi að ráða starfsmann í fullt starf til þess.

		Heildar-		Tekjur pr.hús 1999	Gjöld pr.hús 1999	Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði 1999	1998	1997	1996	1995
		tekjur 1999	gjöld 1999							
Reykjavík	3	1.089.110	1.053.242	363.037	351.081	103,4%	76,6%	124,5%	108,50%	148,40%
Skorradalur	2	545.010	738.827	272.505	369.414	73,8%	61,5%	55,4%	40,7%	76,7%
Svignaskarð	2	798.110	1.280.853	399.055	640.427	62,3%	77,1%	62,0%	71,9%	63,5%
Vatnsfjörður	1	123.005	529.703	123.005	529.703	23,2%	22,1%	16,8%	30,1%	30,9%
Varmahlíð	1	371.005	403.783	371.005	403.783	91,9%	32,1%	18,4%	0,0%	0,0%
Akureyri	3	1.098.210	1.236.285	366.070	412.095	88,8%	122,7%	94,3%	88,1%	89,9%
Einarsstaðir	3	378.315	994.950	126.105	331.650	38,0%	30,5%	31,2%	38,6%	31,9%
Klifabotn	2	264.010	1.016.117	132.005	508.059	26,0%	36,2%	44,1%	27,8%	72,9%
Klaustur	2	478.010	546.148	239.005	273.074	87,5%	74,1%	83,5%	95,1%	103,8%
Brekkuskógur	4	1.635.420	2.072.688	408.855	518.172	78,9%	73,9%	80,3%	122,2%	48,3%
Hraunborgir	1	281.505	524.405	281.505	524.405	53,7%	92,2%	111,4%	101,8%	95,9%
Snæfoksstaðir	2	641.110	514.800	320.555	257.400	124,5%	138,6%	114,0%	78,0%	61,8%
Ölfusborgir	3	631.515	2.069.128	210.505	689.709	30,5%	44,0%	32,1%	29,8%	28,1%
Tjaldvagn	6	421.020	881.435	70.170	146.906	47,8%	30,0%	23,4%	35,6%	108,9%
Apavatn	4	1.365.320	1.640.867	341.330	410.217	83,2%				
Apavatn aðalh.	1	553.133	130.957	553.133	130.957	422,4%				
Vaglaskógur	1	121.853	218.696	121.853	218.696	55,7%				
Meðaltal	41	10.795.661	15.852.884	263.309	386.656	68,1%	63,9%	60,5%	60,6%	62,2%

RSÍ 30 ára.

Í haust verður RSÍ 30 ára. Í tilefni af því hefur miðstjórn ákveðið að leggja sérstaklega í fjölskylduhátíðina sem verður á Apavatni um Jónsmessuna eins og venjulega. Með innkomu FÍS í RSÍ skapaðist aðstaða fyrir hin árlegu fjölskyldumót á orlofssvæði FÍS við Apavatn. Mjög góð þátttaka var í fyrra og voru þátttakendur mjög ánægðir með hina nýju aðstöðu.

Í haust er ákveðið að hafa fjölskyldudag í og við nýja húsið. Einnig hefur verið ákveðið að RSÍ verði styrktaraðili íslenska kvennahandboltalandsliðsins, með 3ja ára samning. Með því vill RSÍ minna á það forvarnarstarf sem unnið er í íþróttahreyfingunni. Kvinnaboltinn hefur verið á hraðri uppleið en ekki fengið jafnmikinn stuðning og karlaboltinn. RSÍ hefur margoft reynt að vekja athygli á því að rafiðnaðarstörf eru mörg vel til þess fallin að vera fyrir bæði kynin.

Samstarf RSÍ og Landsvirkjunar um sumarskóla

Landsvirkjun hefur rekið mikinn og öflugan starfsmenntaskóla undanfarin sumur. Þar hafa um og yfir 200 ungmenni unnið að uppgræðslu lands og gróðursetningu trjágróðurs. Samhliða þessu hafa ungmennin farið í gegnum nokkra námsáfanga í jarðfræði og landnýtingu. Á þessu sviði hefur Landsvirkjun unnið mikið og farsælt starf og á mikinn heiður skilið.

Netvæðingin hefur áhrif á gerð námsáfanga og er talið nauðsynlegt að hóparnir hafi greiðan aðgang að netinu til þess að sækja upplýsingar frá t.d. Háskólanum við vinnslu ritgerða. Forstöðumaður skólans hafði samband við RSÍ og spurðist fyrir um hvort RSÍ gæti lánað tölvur til skólans í sumar. Starfsmenntastofnanir rafiðnaðarmanna eiga nokkur hundruð tölvur og standa þær ónotaðar frá miðjum júní fram í ágústbyrjun. Tekið var mjög vel í erindið og mun Rafiðnaðarskólinn fúslega lána starfsmenntaskóla Landsvirkjunar tölvur í sumar.

Golfmótið

Spennugolfmót RSÍ 1999 fór fram á Strandarvelli við Hellu 11. júní. Mikil þátttaka var að venju og voru skráðir keppendur 64. Nokkrir forfölluðust á síðustu stundu þannig að 59 tóku þátt í mótinu. Mörg vegleg verðlaun voru veitt sem velunnarar mótsins höfðu gefið. Veðrið var ekki eins og best verður á kosið, en þátttakendur létu það ekki á sig fá og skemmtu sér konunglega. Í golfnefnd RSÍ eru Björn S. Björnsson, Garðar Árnason, Vilhjálmur Ingvason og Víðir Tómasson. Með þeim starfa Helgi R. Gunnarsson, Stefán Ó. Guðmundsson og Jón Árni Rúnarsson. Starfsmenn mótsins voru Þór Ottesen og Ísleifur Tómasson og formaður RSÍ afhenti verðlaun.

Í tilefni af afmælisári var ákveðið að leggja aðeins meira í mótið og verður Spennugolf 2000 haldið á Jaðarsvelli, Akureyri föstudaginn 2. júní nk. Keppnisfyrirkomulag verður eins og á fyrri mótum, þ.e. með og án forgjafar, hámarksforgjöf er 30,0

Að vanda eru vegleg verðlaun í boði. Flugvél með 45 sætum var pöntuð og var hún fullbókuð á svipstundu. Auk þess hafa 15 skráð sig sem ætla að mæta á staðinn á eigin vegum eða samtals 60 manns bókaðir í mótið.

Flogið verður til Akureyrar kl. 11:00 á föstudagsmorgni og til baka á laugardeginum kl. 12:10. Áætlað er að mótið hefjist kl. 14:00 og þegar keppendur hafa lokið keppni verður sameiginlegur kvöldverður í golfskála og verðlaunaafhending. Þátttökugjald er kr. 10.000.- fyrir flug, gistingu, golf og kvöldverð. Þátttökugjald er kr. 3.000.- fyrir golf og kvöldverð.

Heimasíðan

Umfang heimasíðu RSÍ hefur vaxið jafnt og þétt. Greinilegt er að félagsmenn og aðrir nota síðuna mikið og fer heimsóknunum stöðugt fjölgandi. Hún er mjög góður vettvangur til þess að koma á framfæri upplýsingum um starfsemina og einnig skoðunum og sjónarmiðum sambandsins.

KJARAMÁLIN.

Kjaramálaráðstefna RSÍ 1999.

Á síðasta samningstímabili hækkuðu heildarmánaðarlaun innan sambandsins að meðaltali um tæplega 36% og eru nú um 260 þús. Meðaldaglaun hækkuðu um 40% og eru nú að meðaltali

rúmlega 160 þús. kr. RSÍ var þátttakandi í gerð þjóðarsáttarsamninganna, eða skynsemisleiðarinnar hans Ásmundar Stefánssonar eins og hún er oft nefnd, og fylgt þeirri stefnu síðan. Á kjaramálaráðstefnu RSÍ, sem haldin var haustið 1996 við upphaf undirbúnings síðustu kjarasamninga var samþykkt að stefna að áframhaldandi stöðugleika og stefna að gerð kjarasamninga sem sköpuðu möguleika til aukins kaupmáttar. Við höfum aðgang að hagfræðingum og vitum hvaða svigrúm er hverju sinni. Því miður virðist það ekki vera svo með Kjaradóm og Kjaranefnd sem ákvarða laun efstu laganna í þjóðfélaginu. Einnig höfum við gagnrýnt þegar þessir aðilar sömdu við sjálfa sig um 15,5% greiðslur í lífeyrissjóði ásamt breytingum á viðmiðunum lífeyrisins.

Ályktun kjaramálaráðstefnunnar

Ráðstefnan telur að kjarasamningar til lengri tíma, t.d. 2ja ára, séu frekar til þess fallnir að stuðla að stöðugleika og stígandi kaupmætti, en stuttir samningar. Ráðstefnan vill ekki hafa forgöngu um að þjóðfélagið fari á taugum og lendi í niðursveiflu á ímynduðum forsendum. Með sameiginlegu átaki á að vera hægt að jafna efnahagssveiflur og setja markið áfram á "Stígandi lukku" eins og RSÍ hafði forgöngu um við gerð síðustu kjarasamninga. Mörg teikn eru á lofti um að ekki verði hægt að ná jafnmikilli kaupmáttaraukningu næstu ár, eins og tókst á yfirstandandi samningstímabili. En ráðstefnan vill að RSÍ taki þátt í því, að verja þann árangur sem náðst hefur og telur að hægt sé með réttum aðgerðum að halda áfram að auka kaupmáttinn í stað þess að yfirkeyra efnahagskerfið, sem leiði til þess að kaupmáttur minnki.

Ráðstefnan fordæmir vinnubrögð Kjaradóms og hvetur til þess að hann taki sér leyfi frá störfum a.m.k fram eftir næstu öld. RSÍ telur að samtök atvinnurekenda og launamanna eigi að taka höndum saman um að ákveðnir hópar geti ekki sett í hættu stöðugleika efnahagslífs og eyðilaggt þann árangur, sem náðst hefur síðan tekin var upp skynsemisstefna við gerð kjarasamninga 1990. Ráðstefnan hvetur forystu RSÍ að taka því ekki þegjandi eða láta það yfir sig ganga að stjórnvöld, atvinnurekendur eða einhverjir í röðum launamanna hafni þessari stefnu.

Ráðstefnan hvetur forystu RSÍ til þess að halda áfram á þeirri braut sem sambandið hefur fylgt um að tryggja stöðugleika sem hefur leitt til góðs atvinnuástands. Ráðstefnan harmar hvernig til hefur tekist með þróun tekjutengdra bóta eins og vaxta- og barnabóta. Hún hvetur til þess að RSÍ taki þátt í sameiginlegri baráttu allra samtaka launamanna um að breyta skattkerfinu til betri vegar.

Ráðstefnan telur að forysta RSÍ hafi haldið rétt á málum gagnvart ASÍ í skipulagsmálum og lýsir yfir fullum stuðning við þær sáttatillögur sem formaður RSÍ hefur sett fram í blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu þ. 30. september síðastliðinn.

Kjarasamningur RSÍ-SART/SA, útdráttur helstu atriða :

Þann 24. marz var undirritaður nýr kjarasamningur fyrir almenna markaðinn. Samningstíminn er 4 ár, en hægt er að segja samningnum upp á árinu 2003, þannig að hann verði til 3ja ára.

Upphafslaunahækkun er 3,9% og svo um 3% á hverju ári. Nefnd á vegum ASÍ og SA skoðar árlega breytingar á vinnumarkaði og efnahagsástandi og ákvarðar hvort meiri launabreytingar eigi rétt á sér eða hvort launalið samningsins sé sagt upp. Nefnd á vegum RSÍ og SART mun endurskoða launatöfluna í samræmi við niðurstöður Kjararannsóknar um launaþróun á vinnumarkaði eins og gert var á síðasta samningstímabili, þá var bætt við kerfið tveim tóxtum.

Við undirskrift hækka lágmarkslaun í rafiðnaði um tæp 13% og verða kr. 90.000. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf hækka úr taxa 5 í taxa 6 eða um 10% og verða kr. 117.861. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna sem bera tæknilega ábyrgð og geta starfað sjálfstætt er 10. taxti og verða kr. 148.764. Þetta er nýtt ákvæði sem á að tryggja að vanir rafiðnaðarmenn séu ekki á lægri launum en 10. taxa og á að skila því launaskriði sem hefur verið á suðvesturhorninu út á landsbyggðina. Lágmarkslaun nema hækka um 30% og verða kr. 73.095 og fara í kr. 90.000 síðasta árið. Lágmarkslaun í virkjanaf framkvæmdum hækka um

26% og verða kr. 145.000. Í bókun kemur fram að SA telji að launakerfi RSÍ og SART séu lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði rafiðnaðarmanna.

Desemberuppbót hækkar í kr. 31.000 á samningstímanum. Desemberuppbót nema fer í kr. 19.700. Orlofsuppbót hækkar í kr. 10.000 og hjá nemum fer hún í kr. 7.700.

Á samningstímanum munu atvinnurekendur greiða 2% í séreignasjóð gegn jafnháu framlagi rafiðnaðarmanna. Útkall um nætur og um helgar lengist um eina klst. Inn kemur nýtt ákvæði sem kveður á um að verði rafiðnaðarmenn fyrir truflunum í frítíma beri þeim endurgjald.

Öll ákvæði um hvíldartíma og frítökurétt eru mun skýrari og betri og er fallist á sjónarmið RSÍ um ágalla fyrri samnings. Hér er átt við skýringar um hvíldartíma og að yfirvinnulaun verði tvöföld fari hvíld niður fyrir 8 klst.

Réttur rafiðnaðarmanna til fullra launa í veikindum tvöfaldast og getur ekki fallið niður fyrir 10 daga eftir 3 starfsár og ekki niður fyrir mánuð eftir 5 ár. Hér er um verulega bót frá fyrrverandi ákvæðum þar sem starfsmenn gátu fallið niður í engan rétt fyrsta mánuð ef skipt var um vinnustað og svo 2 veikindadaga eftir það. Orlof vegna veikinda barna lengist um 3 daga eða í 10 daga eftir eins árs starf.

Eftir áratuga baráttu um veikindarétt í orlofi erlendis tókst loks að fá veikindi í orlofi á evrópska efnahagssvæðinu viðurkennd. Slysatriggingar hækka umtalsvert, t.d. við varanlega örorku fara þær úr 5 millj. kr. í 12 millj. kr. Orlof lengist í 28 daga eftir 10 ára starf og ávinnsla á hærri orlofsrétt stýttist verulega ef skipt er um vinnustað.

Nýr ákvæðisvinnusamningur var undirritaður og gerðar breytingar á honum til samræmis við þær breytingar sem urðu þegar skrifstofu Ákvæðisvinnunefndar var lokað. Einingakerfið verður endurskoðað og á þeirri vinnu að vera lokið fyrir 1. des. næstk. Ákvæðisvinnutímaeiningin hækkar um 2% aukalega nú og um önnur 2% um næstu áramót.

Fullnægi atvinnurekandi ákvæðum um að útvega hlífðarfatnað. Ber hann kostnað vegna þess. Útborgun launa síðasta virkan dag í mánuði. Það olli vandræðum ef mánuður byrjaði á frídögum að útborgun sé fyrsta virkan dag í mánuði, þessu er breytt núna. Endurgjald ef fyrirfram skipulagðri vinnu er aflýst tvöfaldast. Viðurkenndur er ákvörðunarréttur starfsmanna um heimferð í vinnutíma ef þeir eru að störfum í innan við klst. fjarlægð frá heimili sínu.

Á kjaramálaráðstefnu RSÍ var samþykkt að RSÍ tæki þátt í samráði ASÍ félaga gagnvart stjórnvöldum. Eftirfarandi mál voru nefnd : Hækkun skattleysismarka og tekjutengingar barnabóta. Einnig fjölskyldumál og réttindakerfi foreldra eins og fæðingar- og foreldraorlof. Þessi mál gengu eftir eins og hefur komið fram í fjölmiðlum undanfarna daga.

Póstatkvæðagreiðsla

Samningurinn var settur í póstatkvæðagreiðslu. Á kjörstkrá voru 1.826. 470 kusu eða 26%. Nei sögðu 107 eða 23%. Já sögðu 357 eða 76%, auðir og ógildir voru 1%. Úrslit eru mjög afgerandi og í samræmi við þá afstöðu sem samninganefnd hafði og við skynjuðum á fundunum.

Þátttaka hefði vitanlega mátt vera meiri en hún hefði mjög líklega orðið til þess að samningurinn hefði verið samþykktur með enn afgerandi hætti. Gott atvinnuástand og góð kjaraleg staða gerir menn kærulausari um hvað samninganefnd er að sýsla við. Af reynslunni vitum við að óánægðir rafiðnaðarmenn láta í sér heyra, enda hvetjum við þá eindregið til þess. Með þessum samningi náðust fram öllum meginatriði sem við lögðum af stað með. Kjaramálaráðstefna og fundir um allt land samþykktu að halda áfram á braut stöðugleika og stígandi lukku með hinu stýrða markaðslaunakerfi sem við höfum þróað á almennum markaði.

Við náðum settum markmiðum

Þeir rafiðnaðarmenn sem starfa á þessum kjarasamningi fengu á síðasta samningstímabili um 38% launahækkun, þar af var 13% umsamin launahækkun og 25% er til komin vegna launaskriðs, sem endurspeglar að stærstum hluta atvinnuástand og svo aukna starfsmenntun í gegnum öflugt starfsmenntakerfi rafiðnaðarmanna og svo, stjórnunar- og starfsaldursálög. Atvinnuástand hefur verið með hreinum ólíkindum hjá rafiðnaðarmönnum. Auglýsingar eftir okkar fólki birtast mörgum sinnum í viku og fjöldi fyrirtækja hefur ekki fengið svör. Hér má t.d. benda á álverksmiðjurnar sem hafa verið að leita eftir rafiðnaðarmönnum mánuðum saman og eru að bjóða laun sem menn líta ekki við, þær fá ekki eina einustu umsókn. Meðaldagvinnu mánaðarlaun þeirra sem eru á þessum kjarasamningi eru um kr. 165 þús. og meðalheildarmánaðarlaun eru um 270 þús. kr. Meðalvinnutími er rétt undir 50 klst. á viku. Síðan 1991 hafa lágmarks dagvinnulaun rafiðnaðarmanna hækkað um tæp 90%. Í hinum nýja kjarasamningi eru lágmarks dagvinnulaun tæknifólks kr. 99.366 og laun starfsþjálfunarnema eru kr. 90.000. Lágmarks dagvinnulaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf eða sambærilega menntun eru kr. 117.861 og lágmarks dagvinnulaun í stærri framkvæmdum eru 145 þús. kr.

Ef litið er nánar á þau atriði sem lagt var af stað með :

- ?? Framlengingu samkomulags um reglulega endurskoðun launkerfis, sem hefur skilað okkur mestu kjarabótinni, það náðist
- ?? Sérstaka hækkun lægstu gólfa í töflu, það náðist.
- ?? Sérstaka hækkun launa iðnnema. Þeir fengu yfir 30% hækkun
- ?? Hækkun lágmarkslauna í stærri framkvæmdum. Þau hækka verulega í 145 þús. kr
- ?? Skilgreiningu sem dygði rafiðnaðarmönnum úti á laundi til hækkunar. Inn kom ásættanleg skilgreining á 10. taxa.
- ?? Opnun á launalið samnings ef efnahagsforsendur fara úr skorðum, það náðist
- ?? Lengingu orlofs, við náðum 28 daga orlofi og mun hraðari ávinnslu ef menn skipta um fyrirtæki
- ?? Hækkun trygginga, við náðum nálægt helmingis hækkun og í varanlegri örorku meira eða úr 5 millj. í 12 millj. kr.
- ?? Betri veikindarétti, við tvöfölduðum tíma á föstum launum. Úr einum mánuði í tvo auk þess að ef menn skipta um fyrirtæki þá detta þeir ekki niður í engan rétt eins og það var í sumum tilfellum, heldur halda þeir hluta áunnins veikindaréttar
- ?? Betri skilgreiningar á hvíldartíma og frítöku, kröfur okkar fóru nánast óbreyttar inn í samninginn
- ?? Lengingu útkalla, við náðum því að verulegu leyti, þ.e. í 4 tíma að nóttu og um helgar
- ?? Greiðslur fyrir truflun í frítíma, það náðist.
- ?? Hækkun greiðslna í lífeyrissjóð. Mótframlag í séreignarsjóð verður 2%
- ?? Ákvörðunarrétt starfsmanns um heimferð sé hann að störfum innan ákveðinnar fjarlægðar frá heimili, það náðist.
- ?? Hækkun orlofs- og desemberuppbótar, því náðum við ekki
- ?? Breytingu á bakvaktarálögum, því náðum við ekki. Okkur var boðið upp á mun lakara en við búum við í dag.

Við höfum náð mjög góðum árangri í undanförunum kjarasamningum, ekki virðist vera ástæða til neins annars en að ætla að áframhald verði á því.

Árangurstengt launakerfi hjá Norðurál

Á fjölmönnum fundi starfsmanna Norðuráls var nýtt árangurstengt launakerfi samþykkt, með fyrirvara um að vöntun á vaktir hafi ekki áhrif á kerfið. Greitt verður samkvæmt kerfinu frá síðustu áramótum. Kerfið gefur á þessum tíma um 10 -11% launaauka, starfsmönnum hefur hingað til verið greiddur fastur bónus upp á 7,5%.

Samningur við Íslenzka útvarpsfélagið.

28. marz var nýgerður kjarasamningur RSÍ og ÍÚ og Sýn borinn upp á fundi félagsmanna sem starfa á samningnum. Samningurinn var samþykktur með 58% atkvæða. Samningurinn er til þriggja ára með sömu hækkunum og eru í nýgerðum kjarasamningi RSÍ á almennum markaði. Lágmarkslaun verða kr. 117 þús eða þau sömu og eru hjá rafiðnaðarmönnum með sveinspróf í nýgerðum samningi og verða í lok samningstímabilsins kr. 132 þús. Launataxtar voru lagfærðir til samræmis við það launaskrið, sem orðið hefur í sambærilegum störfum á almennum markaði auk nokkurra annarra atriða.

Helstu atriði nýs kjarasamnings RSÍ og fjármálaráðuneytis.

Nýtt launakerfi með launatöflu frá kr. 90 þús. kr. í daglaun á mánuði til kr. 240.437. Í neðsta taxta eru namar á starfþjálfunarstigi og er það sama og í nýgerðum samning á almenna markaðnum, hér er um umtalsverða hækkun að ræða fyrir nema.

A rammi almenn rafiðnaðarstörf frá 95.523 kr að 156.130 kr.

B rammi meirihluti rafiðnaðarmanna. frá 114.209 kr. til 189.472 kr.

C rammi deildarstjórn og faglegri ábyrgð. frá 130.585 kr. til 240.437 kr.

Í grein 2.4.1. er ákvæði um að tímakaup í dagvinnu sé 0,615% af mánaðarlaunum. Þetta þýðir 0,5% til 6,6% hækkun á vaktarálagi.

Desemberuppbót hækkar um 7% eða úr 31.900 í 34.000 og fer í 37.000. Á almennum markaði eru sambærilegar tölur 28.200 og fara í 31.000.

Útborgun launa breytist úr vikukaupi í mánaðarlaun, fyrir það er greitt kr. 40.000 og 15 yfirvinnutímar á nýju laununum sem þýðir um 63.000 kr. hjá flestum

Nýr og mun betri tryggingarkafli, t.d. ákvæði um bætur til 18 – 25 ára barna sem eru í langskólanámi. Margfeldi vegna varanlegrar örorku fjórfalt í stað þrefalt fer í 15 millj. en er 12 millj á almennum markaði

Samningurinn var kynntur á mjög fjölmönnum fundi og stóð síðan kjörfundur í tvo daga. Þegar kjörfundi lauk höfðu 81 kosið eða 73%. Á kjörskrá voru 113. Já sögðu 47 eða 58%, nei sögðu 33 eða 41% og ógildir voru 1 eða 1%

Nýr kjarasamningur við Reykjavíkurborg

Nýtt launakerfi með launatöflu frá kr. 114.747 – 268.104 þús. kr. í daglaun á mánuði. Í taxtar namar á starfþjálfunarstigi og er það sama og í nýgerðum samning á almenna markaðnum, eða 76.764 – 101.864, hér er um umtalsverða hækkun að ræða fyrir nema.

Á sviði Tækna og almennra rafiðnaðarmanna kr. 114.747 – 133.169.

Á sviði Heimtaugamanna, mælingarmanna og tölvutækna kr. 127.351 – 150.012.

Á sviði Vaktmanna, flokkstjóra og eftirlitsmanna kr. 127.351- 154.546.

Á sviði Stjórnenda kr. 131.200 – 164.030

Í grein 2.4.1. er ákvæði um að tímakaup í dagvinnu sé 0,615% af mánaðarlaunum. Þetta þýðir 0,5% til 6,6% hækkun á vaktarálagi.

Desemberuppbót hækkar um 17% eða úr 29.257 í 34.000 og fer í 37.000. Á almennum markaði eru sambærilegar tölur 28.200 og fara í 31.000.

Ákvæði um ástæðu uppsagnar sem ekki eru í öðrum samningum en verkalýðshreyfingin hafi sótt ákaft

Flokkstjórar fá verkstjórnarálag þegar þeir vinna sem slíkir.

Starfsmaður sem tekinn er úr bónus og settur í annað heldur meðalbónus Skilvirkni bónuskerfi skoðað.

Samningstími þessara samninga er svipað og á almennum samning. Auk þess eru atriði sem eru eins og í almenna samningnum eins og veikindaorlof vegna barna og séreignarsjóður. Að loknum kynningarfundum var opnaður kjörfundur sem stóð í einn sólarhring. Þegar honum lauk þá höfðu 68,5% greitt atkvæði. Já sögðu 43 eða 73% og nei sögðu 17 eða 27%.

Samningur sýningarmanna endurnýjaður

Samningar sýningarmanna eru með nokkuð sérstöku sniði, að því leyti að kvikmyndahúsin eru ekki í samtökum. Þannig að við erum stundum að gera einn sameiginlegan kjarasamning og stundum marga vinnustaðasamninga. Nú var gerður einn samningur við SAM-bíóin og svo annar við hin húsin. Þessir samningar eru mjög svipaðir. Samið var um nýja launataxta. Samningurinn nær til 1. marz 2003 og laun hækka á samningstímanum um 4% 1.1. 2001, 3% 1.1. 2002 og 1,2% 1.1. 2003. Desemberuppbót er kr. 34.000 en orlofsuppbót eins og á almenna samningnum. Störf sýningarmanna eru endurskilgreind og starfssvið víðtækara. Samið var um nýja útfærslu á neysluhléum vegna lengds sýningartíma. Sérstakt álag er verið er að sýna eldri myndir á kvikmyndahátíðum.

Virkjanasamningur kolfelldur.

Á fundi í Vatnsfelli í 24.5. var nýr virkjanasamningur borinn upp. Á fundinum voru 130 starfsmenn af svæðinu. Einungis 3 rafiðnaðarmenn voru á fundinum, en eins menn vita þá fjölgar rafiðnaðarmönnum ekki fyrr en á síðustu verkstígum. Eins og margoft hefur komið fram á heimasíðu RSÍ, þá hafði sambandið engan áhuga á því að vera aðili að þessum kjarasamning. Íslenskir rafiðnaðarmenn eru á langflestir á persónubundnum fyrirtækjasamningum sem eru bundnir almennum kjarasamning, eini tilgangur virkjanasamnings fyrir RSÍ er gildi hans sem lágmark fyrir erlend fyrirtæki. Við endurnýjun almenna samnings okkar í vetur voru sett inn lágmarksalaun við stærri framkvæmdir sem voru mun hærri en í virkjanasamningnum. Hinn nýji virkjanasamningur var lítið breyttur, lágmarksalaun höfðu verið hækkuð til samræmis við almennan samning RSÍ eða um tæp 30%. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fengust samningamenn SA ekki til þess að vera með nema þennan eina lágmarksflokk fyrir iðnaðarmenn og reyndu nokkuð lengi að brjóta nýgerðan kjarasamning RSÍ með því að setja desember- og orlofsuppbótt inn í þennan eina lágmarkstaxta. Neðsti launflokkur verkamanna skorinn neðan af og mörkum breytt á milli launaflokka, ferðapeningar og tryggingar hækkaðar.

Á svæðinu er mikil óánægja með vaktir og ferðatíma og eins vildu menn fá staðaruppbót. Hún var á sínum tíma felld inn í launataxta. Í vetur var í fyrsta skipti unnið allan veturinn og er óhætt að segja að sú reynsla gefur fyllilega tilefni til þess hvort það sé leggjandi á menn og þá verður að endurskoða lengd úthalda yfir háveturinn. Þessum atriðum ásamt fleirum voru samninganefndarmenn launamanna árangurslaust búnir að reyna að koma á framfæri við samningamenn SA. Þegar það var orðið ljóst að ekki væri lengra komist með þá, var samningurinn undirritaður og borinn undir fólknið og niðurstaðan staðfesti einvörðungu það sem samninga menn höfu haldið fram.

Laun rafiðnaðarmanna samkvæmt Kjararannsókn

Í nýútkominni skýrslu Kjararannsóknar um launa á 4. ársfjórðung 1999, kemur fram að föst meðalmánaðarlaun þeirra rafeindavirkja sem fá laun sín greidd með því formi kr. 228.500 og meðalfirvinnulaun séu kr. 80.000 á mánuði. Úrtakið er 97 rafeindavirkjar. Með föstum meðalmánaðarlaunum er átt við daglaun ásamt aukagreiðslum miðað við fullt starf. Rafvirkjar eru með að meðaltali kr. 176.900 í föst mánaðarlaun og kr. 66.500 í yfirvinnu. Úrtakið er 48 rafvirkjar. Í könnun á þeim sem eru á tímakaupi kemur fram að meðaldagv. tímakaup rafeindavirkja sé kr. 966 og yfirv. tímakaup kr. 1.478. Úrtak er 23. Meðaldagv. tímakaup rafvirkja er kr. 921 og meðakyfirv. kaup er 1.521 úrtak er 41.

Samkvæmt okkar upplýsingum þá eru bónusar og greiðslur vegna ákvæðisvinnu ekki skilgreint í launum. Það getur verið skýringin á mun rafvirkja og rafeindavirkja. Einnig er stærð úrtakshópanna einkennileg því starfandi rafvirkjar eru u.þ.b. helmingi fleiri en rafeindavirkjar. Að vissu leiti staðfestist sá grunur þegar yfirvinnutímakaupið er skoðað.

Samtök atvinnurekenda hafa í gegnum árim gagnrýnt þær kannanir sem RSÍ hefur gert og sagt þær snarvitlausar og sýni tóma delli, svo notuð séu þeirra eigin orð. Kjararannsókn hefur aftur á móti setið undir mikilli gagnrýni launþegasamtakanna fyrir að vera með launakönnun sem sýni allt of lágt auk þess að þær voru yfirleitt eins og hálf árs gamlar. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að lagfæra vinnubrögð hjá Kjararannsókn m.a. að bæta úrtök og úrvinnslu. Þetta hefur leitt til þess að Kjararannsókn er farinn að setja fram niðurstöður mun fyrir en áður, eins og t.d. nú 4. ársfjórðungur kominn fimm mánuðum seinna. Laun í þeirra könnunum hafa snarhækkað og t.d. nú svo komið að þeir eru jafnvel komnir upp fyrir þær kannanir sem við vorum að gera. Eins og kom fram hér að framan þá eru fulltrúar atvinnurekenda að reyna að ná niður laununum m.a. með því að taka ekki inn bónusa.

SKIPULAGSMÁLIN.

Það mál sem var mest áberandi innan verkalyðshreyfingarinnar á síðasta ári var umræðan um skipulagsmál verkalyðshreyfingarinnar. Forystumenn Verkamannasambandsins og Landssambands verzlunarmanna reyndu að nota ASÍ til þess að koma í veg fyrir að Félag íslenskra símamanna kæmist í RSÍ. Félagsmenn í Félagi íslenskra símamanna ákváðu í kjölfar einkavæðingar Landssímans að ganga úr BSRB og sækja um inngöngu í RSÍ og þar með í ASÍ. Fram fór allsherjaratkvæðagreiðsla í félaginu og þar var þessi tillaga samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þann 21. apríl, daginn fyrir þing RSÍ þar sem átti að afgreiða inngöngu FÍS með formlegum hætti, var kallaður saman fundur skipulagsnefndar ASÍ. Á þeim fundi hafnaði skipulagsnefnd því að FÍS gæti gengið í RSÍ. Sama dag var einnig kölluð saman laganefnd ASÍ og hún hafnaði umsókn Matvís um inngöngu í ASÍ. Það var gert á grundvelli þess álits laganefndar að í Matvís gætu einungis verið þeir sem hefðu sveinspróf. Þessar samþykktir nefndanna voru síðan staðfestar seinna sama dag í miðstjórn ASÍ. Einkennilegt þótti að þessar nefndir voru kallaðar saman daginn fyrir þing RSÍ og sama dag og sambandsstjórnarfundur er hjá Samiðn. Formaður Rafiðnaðarsambandsins lagði fram bókun á miðstjórnarfundum ASÍ og gekk af fundum.

Á þingi RSÍ var innganga FÍS samþykkt samhljóða, þrátt fyrir samþykktir í stofnunum ASÍ daginn áður og að það myndi hugsanlega þýða brottrekstur RSÍ úr ASÍ. Ástæða höfnunar ASÍ á inngöngu Matvís var harkalega gagnrýnd. Lög Matvís væru nákvæmlega eins og lög RSÍ og þau væru margsamþykkt og staðfest innan ASÍ allt frá stofnun RSÍ fyrir 30 árum. Þessi sambönd væru starfsgreinasambönd, það gerði uppbyggingu öflugrar sí- og starfsmenntunar mun auðveldari og hagkvæmari og félli mjög vel að kröfum nútímavinumarkaðar. Þessi afstaða ASÍ stæði í vegi fyrir að starfsgreinasambönd eins og t.d. Matvís og Bókagerðamanna komist í ASÍ og sambönd sem væru þar þegar inni þyrftu að fara út. Á sama tíma hefði laganefnd ASÍ samþykkt lög stéttarféлага innan Verkamannasambandsins, þar sem gert er ráð fyrir samskonar skipulagi og hafnað væri í lögum Matvís.

Rafiðnaðarmenn settu fram eftirfarandi spurningar til miðstjórnar og forseta ASÍ :

A) Á hvaða forsendum var inngöngu FÍS í Rafiðnaðarsambandið hafnað? Það er gert þrátt fyrir að nær hver einasti félagsmaður FÍS hefði samþykkt að sækja um inngöngu í RSÍ og umtalsverður hluti þeirra væru rafiðnaðarmenn.

Á sama tíma leggur skipulagsnefnd ASÍ til að Félag hljómlistarmanna og Félag flugfreyja gangi í jafn ólíkt samband og samband verzlunarmanna er, og að Félag mjólkurfræðinga

gangi í Samiðn frekar en Matvís. Þetta er gert þrátt fyrir yfirlýstan vilja félagsmanna þessara félaga um að þeir vilji ekki ganga í þessi sambönd.

- B) Á hvaða forsendum var lögum Matvís hafnað? Rúmast starfsgreinasambönd ekki innan ASÍ? Á skipulag verkalýðshreyfingarinnar að standa óbreytt og verða í andstöðu við þróun atvinnulífs og þjóðfélags? Er það ekki markmið forystu verkalýðshreyfingarinnar að stuðla að sameiningu launafólks?
- C) Hvers vegna gerir miðstjórn ASÍ þennan mismun á milli sambanda?
Eru þessar ákvarðanir í samræmi við samþykkt lög ASÍ og samþykktir sem gerðar hafa verið um skipulagsmál sambandsins? Ef svo er fer miðstjórn RSÍ fram á að fá að sjá það rökstutt, með tilvísunum. Í greinargerð frá lögmanni ASÍ þar sem hann svarar spurningum frá RSÍ um þetta mál kemur fram að þetta standist ekki gildandi samþykktir ASÍ.

Í mjög ítarlegri greinargerð frá lögmanni ASÍ þann 19. maí var staðfest það sem RSÍ hélt fram, samþykktir sem gerðar voru á þingum ASÍ 1958 og 1960 hafi aldrei verið aflagðar. Saga samþykta um skipulag ASÍ frá 1958 til þessa dags segi okkur að menn hafi ýtt til hliðar innbyrðis ágreining um skipulagsmál eða um hvaða skipulagsform henti best með því að hafa samþykktir óljósar og hugtakanotkun hafi verið mjög á reiki. Þannig hafi ákvarðanir miðstjórnar miðað að því að halda óbreyttu ástandi fremur en að færa skipulag sambandsins að einhverri rökréttri fyrirmynd. Á fyrri hluta þessa tímabils, þ.e. frá 1958 til dagsins í dag, virðist sem tilhneiging hafi verið til umburðarlyndari túlkunar, en síðastliðinn áratug hafi hins vegar gætt tilhneingar til þrengri túlkunar, sem fyrst og fremst hafi birst í þeim ágreiningi sem upp hefur komið gagnvart iðnaðarmannafélögunum.

Staða samþykta sambandsþinga sem almennra stefnuyfirlýsinga hefur verið veik. Aldrei hefur verið ákveðið að skerða fullveldi félagana nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta hefur leitt til þess að heildarsamtökin hafa í raun ekki sjálf ákveðið skipulag sitt heldur fremur aðhæft það að þeirri stöðu sem uppi hefur verið innan hreyfingarinnar hverju sinni en kannski síður að breytingum sem orðið hafa í umhverfinu.

Rafiðnaðarsambandið aftur til starfa innan ASÍ.

Á sambandsstjórnarfundum ASÍ 22. – 23. 11. voru töluverðar umræður um skipulagsmál sambandsins og þau vandamál, sem hafa verið innan sambandsins undanfarin misseri. Forseti ASÍ fylgdi úr hlaði ályktun, sem hann lagði fram í nafni forsetatríosins. Í ræðu sinni kom hann inn á að það væri útilokað að búa við það ástand, að ASÍ ætti það á hættu að starfsemi sambandsins nánast lamaðist ef upp risu landamæradeilur milli landssambanda eða félaga. Hann sagði að þessu yrði að breyta, menn yrðu að horfast í augu við það að ósveigjanlegt skipulag gæti ekki gengið. Hann benti á að fyrir utan ASÍ væru mörg félög og sambönd sem hugsanlega myndu vilja ganga í ASÍ. Hann nefndi sem dæmi inngöngu Félags símamanna í RSÍ og hann nefndi einnig að til væru önnur félög og sambönd sem stæðu utan ASÍ og væru uppbyggð með svipuðum hætti, þ.e. að þar væru saman komnar fleiri en ein starfsstétt. Það gengi ekki að skipulag ASÍ væri með þeim hætti að þessi félög kæmust ekki inn í ASÍ með öðrum hætti en að þeim væri tvístrað. Nútímavinnuþingur væri með öðrum hætti en áður og viðhorf fólks væri einnig með öðrum hætti. Hann benti á nýgerða viðhorfskönnun meðal launamanna. Þar kæmi fram mjög ákveðinn vilji að heildarsamtök launamanna væru sterk. Einnig kom fram að tæplega 80% telja að ASÍ sé gamaldags.

Í ályktun forseta ASÍ stóð m.a. :

Sambandsstjórn telur að mikilvægt sé, að tryggja að skipulag sem verkalýðshreyfingin velur sér til að marka ramma um starfsemina verði sveigjanlegt og einfalt. Skipulagið má ekki hefta að starfsemi hennar og einstakra stéttarféлага geti breyst og þróast í takt við breytingar í starfsumhverfinu.

Þannig er ljóst að þær reglur sem gilda innan ASÍ verða að taka mið af heildarhagsmunum. Einnig verður ljóst að það, með hverjum hætti einstök félög eða sambönd eiga aðild að ASÍ, getur aldrei orðið samkvæmt einni ósveigjanlegri reglu.

Reglurnar þurfa að vera þannig að ný aðildarsamtök sem eftir atvikum eru skipulögð á annan hátt en núverandi aðildarsambönd ASÍ geti átt aðkomu að ASÍ.

Vinna verður að því að allir núverandi aðilar ASÍ geti áfram átt aðild að sambandinu og efla þarf samstarf við aðila utan ASÍ með það að markmiði að þeir geti einnig átt aðild að sambandinu. Endurskoða verður form aðildar að sambandinu til að tryggja að ASÍ geti þjónað því hlutverki sínu, að vera samnefnari verkalýðshreyfingarinnar allrar. Formskilyrði mega ekki vera fjötur um fót ef einstakir hlutar hreyfingarinnar sem nú eru utan ASÍ vilja koma til liðs við sambandið.

Sambandsstjórn felur forsetum sambandsins að vinna að þeim markmiðum sem fram koma í þessari ályktun á næstu mánuðum og kalla til formlegs samráðs fulltrúa aðildarfélaganna og sambanda til að vinna tillögugerð fyrir lok apríl árið 2000. Þessar tillögur verða ræddar í miðstjórn í apríl og lagðar fyrir til kynningar á sérstökum formanna- og sambandsstjórnarfundum ASÍ sem haldinn verður í maí. Tillögurnar skal taka til afgreiðslu á sambandsþingi í nóvember 2000.

Þessi ályktun var samþykkt mótatkvæðalaust, nokkrir sátu hjá. Fulltrúar RSÍ tilkynntu í umræðum að þeir væru mjög sáttir við þessa ályktun, hún væri þannig að viðurkennd væru þau sjónarmið sem RSÍ hefði sett fram og fulltrúar sambandsins myndu því hefja starf í nefndum og ráðum ASÍ frá og með deginum í dag. Fram kom hjá nokkrum ræðumanna að það væri þeirra álit að þetta væri síðasti möguleiki til þess að ná sáttum. Ef aðilar næðu ekki saman í vetur þá væri sjálfhætt að reyna áfram, ASÍ væri þá búið að vera.

Alþýðutrygging

Það hefur lengi verið mikið kappsmál rafiðnaðarmanna að kannað yrði innan verkalýðshreyfingarinnar hvort grundvöllur sé að koma á svipuðu tryggingarkerfi og samtök launamanna á hinum Norðurlöndunum hafa komið sér upp. Þetta mál hefur verið á umræðustigi um langt árabíl. Eins og kom fram í síðustu skýrslu var ákveðið að stofna undirbúningsfélag, sem myndi láta kanna hvaða tryggingarpökkum væri hægt að koma á og hvað það myndi kosta. Þessi vinna var unnin á síðasta ári og í vetur hefur starfsmaður A-tryggingar unnið að kynningu hjá stéttarfélagunum. Þeir tryggingarpakkar sem hafa verið kynntir eru framhald þeirra tryggingar sem launþegar hafa í kjarasamningum, vegna veikinda og slysa. Verzlunarmenn hafa ekki ljáð máls á því að vera með í þessu og það hefur gert hópinn óhagkvæmari til tryggingar en ella. Það hefur komið í ljós við kynningu á tryggingum að mörg félög hafa ekki áhuga á þátttöku. Þannig að allar líkur eru á að á hluthafafundi sem haldinn verður í byrjun maí verði ákveðið að falla frá málinu.

Samskipti stéttarfélaganna.

Í síðustu kjarasamningum sat RSÍ undir skeytasendingum frá nokkrum forystumönnum innan Verkamannasambandsins, þar sem reynt var með kostulegum málflutningi að gera RSÍ ábyrgt fyrir því að þeir hefðu ekki náð markmiðum sínum í kjarasamningunum. Miðstjórn RSÍ svaraði með því að hún hefði ekki orðið þess vör að önnur stéttarfélög hefðu borið kröfugerðir sínar undir hana og hún gæti því með engu móti axlað þessa ábyrgð. Margar af þessum kröfugerðum væru mun frekar óraunhæfur óskalisti, sem ætíð hefði verið ljóst að engin von væri um að koma fram. Menn gætu ekki fríað sjálfa sig af eigin axarsköptum, þeir yrðu sjálfir að bera þær byrðar. Yfirstandandi kjarasamningar eru endurtekning, umræddir verkalýðsforingjar lofuðu félagsmönnum sínum miklum kjarabótum og réðust svo að forystu Flóabandalagsins með ódrengilegum hætti og sökuðu þá um að standa í veginum fyrir því að þeir næðust fram.

Síðastliðið haust setti formaður RSÍ fram hugmyndir hvernig ASÍ 21. aldarinnar gæti verið. Í dag eru landssamböndin og mörg stærri félaganna sjálfum sér nóg í flestum málum. Hlutverk ASÍ í dag er að vinna úr hagfræðilegum gögnum og koma á framfæri upplýsingum er varða

launafólk. Móta afstöðu til lögfræðilegra atriða, koma fram gagnvart ríkisvaldi, gefa umsagnir um frumvörp, sjá um alþjóðleg samskipti eins og t.d. hin mikilvægu Evrópumál. Nokkur stéttarfélag og landssambönd vilja ekki fela ASÍ ákvörðunarvald í innri málum sínum og þaðan af síður gerð kjarasamninga. Með því er augljóslega verið að gera það óframkvæmanlegt sem ætlast er til að ASÍ geri. Það eru svo miklar þversagnir í umræðunni.

ASÍ hefur misst mjög hæfa starfsmenn og við blasir, ef ekkert verður að gert, að fleiri munu hverfa á braut. Nýta má miklu betur þá fjármuni sem ASÍ hefur úr að spila. Hin gríðarlega umfangsmiklu þing ASÍ kosta óhemju fjármagn, þar gerist ekkert og þau eru óþörf. Þar koma saman 500 manns og hlusta á forseta lesa upp þykkar skýrslur um hvað gerst hafi undanfarin 4 ár og svo eyða pólitísku fylkingarnar mörgum dögum í að rífast um orðalag á ályktunum, sem á endanum verða svo útpynntar að engum dettur í hug að lesa þær. Forsetar ASÍ og miðstjórn ASÍ eru óþörf valdastig. Kjósa má einn forseta eða formann, en hann á ekki að vera starfsmaður ASÍ. Ráða á framkvæmdastjóra og setja framkvæmdastjórn sem í ættu sæti 1 - 2 menn frá stærstu félögum eða landssamböndum. ASÍ myndi síðan halda árlegan aðalfund. Þá væri hægt að efla verulega hina nauðsynlegu hagdeild, sama má segja um lagadeildina. Þá væru til fjármunir til þess að standa fyrir ráðstefnum um þau málefni sem væru efst á baugi hverju sinni. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að ná öllum samtökum launamanna á Íslandi saman í ein heildarsamtök. Þá hefðu margskonar innri deilur ekkert þangað að gera. Samtökin væru í sinni einföldu mynd samstarfsvettvangur um þau verkefni sem vinna þarf hverju sinni. Pólitísku valdablokkirnar hyrfu aftur í grámósku þess tíma sem þær eiga heima. Það er ljóst að þær munu berjast af alefli gegn þessum hugmyndum. Þær vilja geta nýtt ASÍ í pólitísku brambolti sínu. Við erum á hraðferð inn í harðskeytt þjóðfélag, þar sem markaðshugsjónir verða ráðandi og mannlegir hagsmunir munu verða undir í mörgum tilfellum. Íslenskt launafólk þarf nauðsynlega og á svo sannarlega skilið sterka verkalýðshreyfingu og það er svo auðvelt að koma því í framkvæmd.

VINNUMARKAÐSMÁL

Stærri framkvæmdir

Við allar stærri framkvæmdir er búin til framkvæmdaáætlun. Hún miðast einungis við hversu langan tíma tekur að grafa, steypa sökkla, steypa upp og loka húsinu. Lokadagur framkvæmda ákvarðast svo af því hvenær búið er að reisa innveggi og mála. Í framkvæmdaskipulagi er ekki gert ráð fyrir að tíma þurfi til þess að þurrka gólf áður en þau eru dúklögð, setja upp raflagnir, setja upp hillur og annan búnað. Tæknimenn verða að klofa yfir smíði, dúkleggjara og málara þegar þeir bera inn viðkvæman tæknibúnað inn í rykmettað loft og hann er settur upp, þó vitað sé að hætta sé að hann eyðileggist. Þeir sem semja framkvæmdaáætlanir eru oft staðnir að því að taka t.d. verkhluta sem talið að séu 10 mannmánuðir og segja, "Ekkert mál, við setjum 20 rafíðnaðarmenn í það og gerum þetta á 2 vikum" Hér er oft um að ræða verk þar sem einungis 5 menn komast til þess að framkvæma. Þessir 5 menn verða síðan að redda þessu einhvern veginn, annars sitja þeir undir skömmum og svívirðingum og fá dagsektir sem skipta hundruðum þúsunda. Þeir verða því að vinna sólarhringum saman.

Þegar að hinum skipulagða lokadegi kemur er stillt upp mikilli flugeldasýningu og kokktailboði þar sem einhver glerfínn ráðherra kemur og klippir á borða og skálar svo við eigendurna og þeir taka svo í hendurnar hvor á öðrum brosandi framan í sjónvarpsvélarnar og fréttamenn hrósa þessum mönnum fyrir hvað þeir séu duglegir. Engir dökkir baugar eru undir augum og þaðan af síður þreytumerki á svona ofurmönnum, sem svitna ekki einu sinni þó þeir klippi í sundur sveran silkiborða í einu handtaki, þó þeir haldi á kampavínsglasi í hinni hendinni. Starfsfólkið liggur örmagna baksviðs. Greiðslur fyrir hvíldartíma og önnur atriði vegna lágmarkshvíldar standa því ekki til boða.

Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja.

RSÍ hefur undanfarin misseri lent inn í harkalegum deilum sem snúast um framferði erlendra verktaka hér á landi gagnvart launþegum. En deilurnar snúast í raun oftast um að verja stöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum. Við gerum þær kröfur til íslensku fyrirtækjanna að þau fari eftir kjarasamningum og að eftirlitsstofnanir eins og t.d. Vinnueftirlit sjái um að aðbúnaður sé í lagi og að Rafmagnseftirlit sjái um að frágangur og efnisval sé framkvæmt samkvæmt kröfum. Þetta kostar oft á tíðum umtalsverðar upphæðir, sem íslensku fyrirtækin verða taka mið af þegar þau gera tilboð í verkefni. Í vaxandi mæli eru erlend fyrirtæki eru að ná verkefnum í útboðum.

Sem betur fer er það oft þannig að ekkert er athugavert við framgöngu erlendu fyrirtækjanna, en við höfum fengið inn í landið fyrirtæki sem svífast einskis. Þau greiða lágmarkslaun, hvíldartímareglugerðir eru ekki virtar, aðbúnaður starfsmanna er fjarri því sem við gerum kröfur um. Efnisval og frágangur er ekki í samræmi við útboðslýsingar.

Það fyrsta sem íslensku fyrirtækin gera er að hafa samband við RSÍ, þau hafa ekki samband við Samtök atvinnurekenda og ekki við Vinnueftirlitið. Hvers vegna beita Samtök atvinnurekenda sér ekki í svona málum? Það virðist vera SA þóknanlegt að brotnir séu á bak aftur kjarasamningar og reglugerðir. Hagsmunir lítilla og millistórra íslenskra fyrirtækja skipta engu. Þar á bæ ráða ríkjum hagsmunir stóru fyrirtækjanna, þau litlu eru í raun launþegar hjá þeim. Markmið SA er að brjóta þau á bak aftur, jafnvel þó um sé að ræða samninga sem SA hefur þó staðið að og undirritað. Þó það kosti að íslensk fyrirtæki missi verkefni og íslenskir launamenn gangi um verkefnalausir. Hér má benda á afstöðu SA í Technomálinu, málum Eimskipa og nú síðast í málum í Sultartanga.

Í haust sauð upp úr hjá rafiðnaðarmönnum að störfum við Sultartangavirkjun. Ástæðan var sú að eftirlitsmenn voru að saka þá um að þeir stæðu sig ekki, fagvinna væri ekki góð og mikið um upptekningar og verkin væru á eftir áætlun. Á fundi sem RSÍ hélt á staðnum kom fram að írskt fyrirtæki skilaði ekki inn teikningum og verklýsingum, skápar sem kæmu frá Írlandi væru rangt unnir. Þetta væri ástæða þess að rafiðnaðarmennirnir stæðu oft verkefnalausir eða það þyrfti að endurmontera skápa.

Þetta ætti eftirlitsmönnum að vera ljóst og þeim væri nær að snúa sér þangað með ásakanir sínar. RSÍ hafði samband við Landsvirkjun og fulltrúa írsku fyrirtækisins. Eftirlitsmennirnir eru undirverktakar hjá Landsvirkjun. Okkur var tjáð að það væri greinilegt að eftirlitsmennirnir færu ekki eftir starfsreglum, þeim væri uppálagt ef þeir hefðu eitthvað að athuga við störf og fráganga að hafa samband við viðkomandi fyrirtæki, ekki starfsmennina á gólfinu. Landsvirkjun brást fljótt og drengilega við þessu og hafði samband við eftirlitsmennina. Í ljós kom að mönnum var kunnugt um þetta og viðurkennt var að íslensku rafiðnaðarmennirnir hefðu setið undir röngum og ósanngjörnum ásökunum og þeir voru beðnir afsökunar. Starfsmönnum RSÍ þóttu það undarlegt úr því svo væri, að ekkert hefði verið gert í að leiðrétta þetta fyrr.

Hingað til lands hafa komið erlend fyrirtæki og undirboðið íslensk rafverktakafyrirtæki. Það gera þau í skjóli þess að erlendu fyrirtækin geta fullnægt skilyrðum með því að greiða lágmarkslaun, en íslensku fyrirtækin fá enga innlenda rafiðnaðarmenn til þess að vinna á launum sem eru undir þeim launum sem í gildi eru á almennum markaði rafiðnaðarmanna. Þetta var lagfært að nokkru með því að setja inn í kjarasamninginn lágmarkslaun í stærri verkum sem samsvara meðallaunum.

Landsvirkjun þýðir öll verkútboð á erlend tungumál, þannig að íslensk fyrirtæki verða að kaupa dýra túlkun yfir á íslensku ef þau ætla að geta boðið í verkin. Þess er krafist réttilega af íslenskum rafiðnaðarmönnum að þeir skili verkum sínum með faglegum hætti og noti viðurkenndan búnað. Gagnvart erlendum fyrirtækjum er allt annað upp á teningnum. Þau

komast upp með ótrúlega lélegan frágang og að því að mér er tjáð þá eru þau stundum að setja upp búnað sem ekki er viðurkenndur gagnvart íslenskum fyrirtækjum.

FRÆDSLUMÁL

Starfmenntakerfi rafiðnaðarmanna - það langstærsta á Íslandi.

Þegar Eftirmenntun rafiðna var stofnuð 1974 höfðu rafiðnaðarmenn þurft að horfa upp á erlenda rafiðnaðarmenn setja upp allan nýttækniþúnaðinn í Búrfellsvirkjun og í Álverinu í Straumsvík. Öllum nýjum tækniþúnaði í fiskveiðiflotanum og í fiskvinnslunni fylgdu erlendir rafiðnaðarmenn. Í hinum frægu sólstöðusamningum veturinn 1974 þegar nær gjörvöll forysta íslenskra launamanna og atvinnurekenda hélt til á Hótel Loftleiðum í nokkrar vikur, hittust forysta rafverktaka og rafiðnaðarmanna einn morgun við morgunverðarborðið og urðu sammála um að þetta gengi ekki. Samtökin yrðu að sjá til þess að íslenskum iðnaði stæðu ávallt til boða hæfir tæknimenn, öðruvísi væri aldrei hægt að skapa það umhverfi sem hann þyrfti að búa við til þess að standast erlenda samkeppni. Þetta hefur tekist, nú telst það til tíðinda ef erlendir rafiðnaðarmenn eru hér að störfum, það er þá helst í grófum störfum. Óhætt er að fullyrða að engin starfsgrein hefur lagt sjálf eins mikið fram að uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Bilanatíðni og stöðvun vegna bilana er með því lægsta, sem þekktist. Íslenskum fyrirtækjum stendur ávallt til boða það nýjasta sem til er. Íslenskir rafiðnaðarmenn setja í dag upp allan hátækniþúnað og eru að auki að störfum við það um allan heim.

Á síðasta ári voru nemendur í starfsmenntakerfi rafiðnaðarmanna tæplega 9000, skólarnir voru reknir í tæplega 4000 ferm. húsnæði í eigu rafiðnaðarmanna, fastir starfsmenn voru tæplega 40 og lausráðnir voru á annað hundrad. Hröð þróun í rafiðnaði kallar á síaukna starfsemi og tölvudeild Rafiðnaðarskólans hefur vaxið með ævintýraleikum miklum hraða. Ákveðið var að kaupa Viðskipta og tölvuskólann til þess að styrkja tölvudeildina tæknilega og rekstrarlega. RSÍ og aðildarfélög hafa lagt fram fjármuni til húsnæðiskaupa og voru 1000 ferm. keyptir og innréttaðir í Faxafeni 10 skammt frá húsnæði Rafiðnaðarskólans. Starfsemin sprengdi það utan af sér á einu ári og hefur það húsnæði verið stækkað nokkrum sinnum með kaupum á sífellt stærri hlut í húseigninni í Faxafeni. Eigum við nú alla efri hæð hússins og um þriðjung neðri hæðarinnar, eða vel á þriðja þúsund ferm. Meginhluti námsframboðsins þar byggist á lengri starfsmenntabrautum. Ekki duga lítil hús til útskrifta, því Borgarleikhúsið og Íslenska óperan hafa verið leigð til útskrifta.

Nú er boðið upp á yfir 200 gerðir námskeiða. Lengra nám hefur átt sívaxandi vinsældum að fagna og er boðið upp á margskonar nám sem tekur allt frá einni önn upp í nokkrar annir. Þar er m.a um sérfræðinám á háskólastigi að ræða. Rafiðnaðarskólinn hefur ætíð einbeitt sér að fagtengdum námskeiðum fyrir rafiðnaðarmenn, en hann hefur notið góðs af annarri menntastarfsemi okkar. T.d. hefði ekki verið unnt að byggja upp og viðhalda mörgum hinna gífurlega dýru sérhæfðu fagnámskeiða með eftirmenntunargjaldinu einu saman.

Í gegnum árin hafa margir aðilar leitað upplýsinga af reynslu okkar í starfsmenntastarfsemi og sumir hafa leitað eftir samstarfi. Í síðustu viku gekk Rafiðnaðarskólinn til samstarfs við Prenttæknistofnum um stofnun Margmiðlunarskólans. Þar var margmiðlunardeild Rafiðnaðarskólans sameinuð starfsemi Prenttæknistofnunar á þessu sviði. Hinn nýi skóli er í nýinnréttuðu 700 ferm. húsnæði sem við keyptum á síðasta sumri undir margmiðlunardeild Rafiðnaðarskólans á fyrstu hæð í Faxafeni 10. Prenttæknistofnun flutti einnig sína starfsemi þangað. Það húsnæði er nú þegar orðið fullnýtt.

Nýverið keypti Rafiðnaðarskólinn Tölvuskóla Reykjavíkur í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag. Tölvuskólinn Framtíðarbörn kom inn í þau kaup og hafa skólarnir verið sameinaðir. Ætlunin er að sameina rekstur Tölvuskóla Reykjavíkur/Framtíðarbörn rekstri almennra tölvunámskeiða Rafiðnaðar- og VT skólanna. Þessi skóli verður í því húsnæði sem Tölvuskóli Reykjavíkur er í við Borgartún. Leigusamningur á því húsnæði rennur út seinni hluta næsta árs. Ekki er ólíklegt að þetta samstarf Rafiðnaðarskólans og Eflingar geti leitt til mun víðtækara samstarfs á sviði starfsmenntunar. Í lok síðasta árs var gengið frá samstarfssamningi Rafiðnaðarskólans og Kvikmyndaskóla Íslands og flutti hann starfsemi sína í Rafiðnaðarskólann nú um áramótin.

Það hefur tíðkast að rafiðnaðarmenn í námi hverfa oft á tíðum úr námi og fara til starfa innan rafiðnaðargeirans, oft lenda menn í þannig störfum að ekki er krafist sveinsprófs, en viðkomandi sækir sérmenntun á sínu sviði í Rafiðnaðarskólanum eða annars staðar. Viðkomandi getur hvenær sem er tekið upp þráðinn og hafið nám að nýju og lokið sveinsprófi í einhverri rafiðnaðargrein. Hann fær þá metið það sérnám sem hann hefur sótt og þá starfsþjálfun sem hann hefur öðlast. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að þörfum atvinnulífsins fyrir rafiðnaðarmenn með styttri menntun hefur verið fullnægt og ekki síður, einstaklingurinn hefur ætíð möguleika á að bæta við sig námi. Aðstoðarmenn rafiðnaðarmanna og sérstök menntun vegna þeirra hefur þar af leiðandi aldrei tíðkast, það er engin þörf fyrir þá.

SJÓÐIR RSÍ

LÍFIÐN

Helstu kennitölur .

	<i>1997</i>	<i>1998</i>	<i>1999</i>
Ellilífeyrir	36.428.903	50.351.044	57.884.963
Örorkulífeyrir	37.252.593	37.514.519	40.869.245
Makalífeyrir	19.553.549	21.453.789	23.402.634
Barnalífeyrir	3.462.087	4.305.690	3.829.328
Samtals	96.697.132	113.625.042	125.986.170
Lán til sjóðfélaga	114.355.000	135.287.003	231.879.693
Innkominn iðgjöld	634.398.870	807.049.479	951.172.155

Grundvallarlaun Lífeyrissjóðsins Lífiðnar er nú kr. 76.239- á mánuði. Samkvæmt reglugerð sjóðsins skal gera tryggingafræðilega úttekt á hverju ári.

Á ársfundum Lífiðnar 17. maí kom m.a. fram að hrein raunávöxtun sjóðsins var 14% sem er með því besta sem þekkist hjá lífeyrissjóðum. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 14,5 milljörðum í árslok 1999 í samburði við 11,3 milljarða í árslok 1998 og er Lífiðn orðin einn af stærstu sjóðum landsins. Mikil lækkun varð á rekstrarkostnaði eða um 21%, hann var árið 1999, 0,16% af eignum eða 2,56% af iðgjöldum, en árið 1998 var rekstrarkostnaður 0,27% af eignum eða 3,73% af iðgjöldum.

Samtals eiga 9.618 einstaklingar rétt í sjóðnum. Þar af eru 4.594 sem greiddu iðgjald 1999, en árið 1998 greiddu iðgjald 4.251. Aukning á iðgjöldum var mikil eða kr. 951 millj. árið 1999, á móti 829 árið 1998. Í Lífiðn er meðalaldurinn lágur og er lífeyrisbyrði með því lágsta sem þekkist. Einungis 387 nutu lífeyris árið 1999 og hafði þeim fjölgað um 3,2%. Þetta hlutfall mun fara að aukast nokkuð stöðugt á næstu árum.

Samkvæmt úttekt tryggingafræðings þá eru eignir sjóðsins umfram skuldbindingu 86 millj. sem er töluverður viðsnúningur frá því árið á undan. Þá voru áfallnar skuldbindingar umfram eignir 720 millj. Á ársfundinum kom fram hjá tryggingafræðingnum, að staða Lífiðnar væri sú besta sem þekkist. Lífiðn veitir auk þess töluvert hærri og víðtækari réttindi en flestir aðrir sjóðir. Réttindi til eftirlauna eru ríflega 14% hærri en hjá flestum öðrum sjóðum. Einnig er mun öflugri tryggingavernd, t.d. hvað varðar makalífeyri. Ef sjóðurinn greiddi samkvæmt lágmarksskuldbindingum, þá ætti hann hvorki meira né minna en 6.4 milljarða umfram skuldbindingar. Það kom fram hjá tryggingafræðingnum að staðan gæti orðið önnur, t.d. breyttist staða sameignarsjóða við lengingu meðallífdurs. Sameignarsjóðir séu með

örorkutryggingum og makalífeyri og tryggi lífeyri allt lífið, meðan inneign í séreignarsjóð sé einungis eins og bankabók. Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöldin til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri þeirra aðrir en sjóðsfélagar.

Starfsmenn Lífiðnar eru fimm og meðalstöðugildi 4,5 en voru 5,2 árið á undan. Miklar breytingar eru framundan í rekstri lífeyrissjóða og mun lífeyrissparnaður hafa aukist um 40% í yfirstandandi kjarasamningum. Eign í séreignardeild Lífiðnar var 26 millj. um síðustu áramót, en var 1.2 millj. árið 1998.

Sú breyting varð á stjórn sjóðsins að Ingólfur Árnason gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ingólfur hefur verið í stjórn lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna og svo Lífiðnar í 15 ár. Í stjórn sjóðsins nú eru Þórir Hermannsson, Haraldur Jónsson og Níels S. Olgeirsson fyrir launamenn og Arnbjörn Óskarsson, Sveinn Þ. Jónsson og Tryggvi Guðmundsson fyrir atvinnurekendur.

Styrktarsjóður rafiðnaðaramanna

Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar.

Greiðslur úr styrktarsjóð hafa vaxið verulega undanfarin ár. Til þess eru nokkrar ástæður, réttindi félagsmanna hafa verið kynnt þeim ítarlega á fundum og í RSÍ-bláðinu, einnig hefur meðalaldur félagsmanna vaxið umtalsvert undanfarin ár. Fyrir nokkrum árum voru ekki margir félagsmenn í aðildarfélögum RSÍ yfir 40 ára, þeir voru undantekningalítið orðnir atvinnurekendur.

Greiðslur úr sjóðnum skiptast þannig:

<i>Styrkir</i>	<i>1997</i>	<i>1998</i>	<i>1999</i>
Sjúkrabætur	7.164.797	21.611.314	20.983.696
Dánarbætur og jarðarfarir	892.710	3.587.200	4.135.000
Sjúkranuð og sjúkraþjálfun	912.103	1.299.684	1.869.480
Sjúkrahúsaðgerðir	525.000	382.670	203.000
Ferðastyrkir	723.424	699.635	445.406
Líkamsr. og forvarnarstarf	711.519	1.459.022	2.295.908
Aðrir styrkir	1.529.030	2.513.982	4.850.893
Samtals	12.458.483	31.553.507	34.783.383

Í dag greiðir sjóðurinn bætur sem eru 80% af meðallaunum. Þessi ákvörðun var tekin á síðasta ári og hefur haft umtalsverða aukningu á útgjöldum sjóðsins í för með sér.

Niðurlag

Í skýrslu um starfsemina er að sjálfsögðu ekki hægt að gera grein fyrir öllum þeim málefnum sem unnið hefur verið að, heldur eru aðeins nefnd helstu verkefni. Skýrslan ber merki þess að RSÍ er öflugt landsamband sem er skipulagt þannig að kjarasamningar, styrktarsjóður, orlofshús og starfsmenntakerfi er rekið með sameiginlegum hætti. Það hefur reynst okkur rafiðnaðarmönnum ákaflega vel, við höfum komið mörgu í verk sem hefur reynst öðrum stéttarfélögum um megn. Nauðsynlegt er að birta ítarlegar skýrslur svo þeir félagsmenn sem ekki komast til aðalfundar, eigi þó kost á því að kynna sér til nokkurrar hlítar starfsemina.

Eins og fram kemur í skýrslunni snýst starfsemi nútíma verkalýðsfélags ekki einungis um gerð kjarasamninga og innheimtu á gjöldum. Lífandi þróttmikil starfsemi á að skapa félagsmönnum og fjölskyldum þeirra leið til öruggara og fyllra lífs. Eitt af þeim markmiðum sem núverandi stjórn setti sér, var að efla félagslíf og gera eignir sambandsins aðgengilegri félagsmönnum og fjölskyldum þeirra.

Guðmundur Gunnarsson, maí 2000.